



Stuðningur við jákvæða hegðun:

Beinar áhorfsmælingar á unglíngastigi í þremur grunnskólum
í Reykjanesbæ vorið 2010

Elva Hjálmarsdóttir

Lokaverkefni til B.S.-gráðu

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stuðningur við jákvæða hegðun:
*Beinar áhorfsmælingar á unglíngastigi í þremur grunnskólum
í Reykjanesbæ vorið 2010*

Elva Hjálmarsdóttir

Lokaverkefni til B.S.-gráðu í sálfræði
Leiðbeinandi: Zuilma Gabriela Sigurðardóttir

Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.S.-gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Elva Hjálmarsdóttir 2011

Prentun: nón

Reykjavík, Ísland 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Inngangur.....	5
Hegðunarvandi í grunnskólum.....	6
Hegðunarstjórnun í grunnskólum.....	7
Stuðningur við jákvæða hegðun.....	8
Rannsóknir á áhrifum og árangri Stuðnings við jákvæða hegðun.....	12
Aðferð	16
Þátttakendur	16
Rannsóknaraðstæður.....	16
Mælitæki.....	16
Rannsóknarsnið.....	17
Framkvæmd.....	17
Áreiðanleiki.....	19
Niðurstöður.....	20
Skóli eitt.....	20
Skóli tvö.....	42
Skóli þrjú.....	64
Umræða.....	86
Heimildaskrá.....	91
Viðaukar.....	94
Viðauki 1.....	95
Viðauki 2.....	110

Stuðningur við jákvæða hegðun (*Positive behavior support – PBS*) er hegðunarstjórnunarkerfi en hugmyndin af því kom fram um 1980. Markmið kerfisins er að fá fram jákvæða lífstílsbreytingu sem eykur lífsgæði ásamt því að fyrirbyggja hegðunarvanda. Kerfið er hentugt til innleiðingar í grunnskóla og hægt að nota það á alla en það getur líka verið mjög einstaklingsmiðað. Aðferðir PBS eru ekki nýjar af nálinni, heldur er búið að kerfisbinda hefðbundnar jákvæðar aðferðir. Rannsóknir hafa sýnt að eftir innleiðingu kerfisins dregur úr óæskilegri hegðun nemenda og æskileg hegðun eykst. Árin 2008-2009 hófu þrír grunnskólar í Reykjanesbæ innleiðingu á aðferðum PBS og rannsóknir á innleiðingunni eru enn í gangi. Í þessari ritgerð verður farið yfir niðurstöður mælinga sem gerðar voru á vorönn 2010.

Óæskileg hegðun meðal skólabarna hefur aukist síðustu árin og verður ávallt meira áhyggjuefni og á það við um íslenska sem og erlenda skóla (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006 og McCurdy, Manella og Eldridge, 2003). Talið er að um 1-5% nemenda eigi við mikinn hegðunarvanda að stríða (Sugai o.fl., 2000). Þessi óæskilega hegðun hefur ekki bara hamlandi áhrif fyrir barnið sjálft, heldur hefur hún neikvæð áhrif á alla sem umgangast það. Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli óæskilegrar hegðunar í barnæsku og afbrotahegðunar síðar meir á ævinni. Því er mikilvægt að grípa inni sem fyrst svo koma megi í veg fyrir að slík tengsl myndist (Sugai o.fl., 2000 og Sprague o.fl., 2001). Þar sem óæskileg hegðun verður sí fyrirferðameiri í skólaumhverfinu og athygli kennara beinist í auknu mæli að henni og tekur þar með tíma frá því að aðstoða aðra nemendur er ljóst að bæta þarf þær aðferðir sem nú eru notaðar (Luiselli, Putnam og Sunderland, 2002 og Sprague o.fl., 2001). Hegðunarstjórnun er aðferð sem er ætlað að draga úr óæskilegri hegðun og kalla fram jákvæða hegðun. Með innleiðingu slíkra aðferða inn í skóla má spara bæði tíma og peninga að auki við þær jákvæðu lífstílsbreytingar sem allir hagnast á (Sugai o.fl., 2000).

Börnin eru misjöfn eins og þau eru mörg. Stór hluti af ævi þeirra fer í leik- og grunnskólastarf. Sá tími sem þau eyða í grunnskóla eru að meðaltali um 180 dagar á ári í 6 klukkutíma á dag. Því er mikilvægt að vinna gott og faglegt starf með börnum til að búa þeim gott veganesti út í lífið. Markmið skóla er að kenna börnum færni til að standa á eigin fótum í framtíðinni. Með hverju ári verða meiri kröfur um að skólinn geri börnin félagslega virkari, valdameiri og að óæskileg hegðun/hegðunarvandi sé ekki til staðar (Sugai o.fl., 2000).

Flestir nemendur hegða sér vel í skólanum og mikilvægt er að það gleymist ekki í þessari umræðu. Í skólasamfélaginu er samt sem áður að finna þrjá mismunandi hópa af nemendum. Stærsti hópurinn eru þeir nemendur sem gengur vel í félagslegum samskiptum. Eins og kom fram í rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns (2006) þá áttu um 89% nemenda yfirleitt í góðum samskiptum við aðra. Athygli okkar beinist aftur á móti helst að hinum tveimur hópunum sem eru nemendur sem eiga í hættu á eða eru líklegir til að eiga við hegðunar- og félagslegan vanda að stríða og svo þeir nemendur sem eiga við hegðunarvanda.

Skólinn er flókið umhverfi sem samanstendur af reglum og rútnum sem er lagt upp með að allir fylgi. Það getur verið erfitt fyrir þá sem eiga við hegðunarvanda að stríða. Þungi umræðunnar liggur í því hvað megi bæta. Mikilvægt þykir að innleiða áhrifarík inngríp í skóla fyrir nemendur með hegðunarvanda. T.d. margþætt agakerfi sem myndi henta öllum í skólanum, veita kennurum stuðning í kennslu og kenna áhrifaríkar aðferðir eins og

hegðunarstjórnunarkerfið Stuðningur við jákvæða hegðun gengur út á sem verður útskýrt nánar hér að neðan (Sprague o.fl., 2001).

Óæskileg hegðun kemur ekki af sjálfu sér. Nemendur haga sér á vissan hátt af einhverri ástæðu. Þar með er hægt að segja að hver hegðun hafi tilgang. Þeir hegða sér t.d. á vissan hátt því þeim langar í eitthvað eða vilja ná athygli einhvers, jafnvel komast úr aðstæðum eða í burtu frá einhverjum. Afleiðingarnar skera úr um hvort þeir haga sér svoleiðis aftur eða ekki. Svo þróast hegðunarmynstur sem er erfitt að breyta og er þetta stundum uppspretta hegðunarvanda. Sem dæmi væri ef nemandi vill fá athygli frá vinum sínum og grípur til þess ráðs að öskra. Hann fær athyglina og vegna þess að athygli fylgdi hegðuninni þá eru meiri líkur á að hann öskri aftur seinna til að fá sömu viðbrögð (Crone og Horner, 2003 og Gylfi Jón Gylfason, 2005), þetta er dæmi um jákvæða styrkingu hegðunar.

Óæskilega hegðun er flókið að glíma við þegar hún hefur festis í sessi. En ef vel er að gáð er hegðunin sem nemandinn sýnir oft fyrir sjáanleg þar sem öll hegðun hefur einhvern aðdraganda og afleiðingu. Umhverfisaðstæður geta því komið af stað, komið í veg fyrir, slökkt á eða viðhaldið óæskilegri hegðun. Nemandi sem t.d. er alltaf sendur til skólastjórans eftir að hann hefur hent lestrarbókinni sinni í gólfíð þegar hann er beðinn að lesa. Hann heldur uppteknum hætti áfram þar sem hann sleppur ávallt við að lesa með því að hegða sér á þennan hátt sem var lýst. Þessi refsing að vera sendur til skólastjórans var í raun neikvæð styrking (*negative reinforcement*) fyrir nemandann þar sem hann komst úr aðstæðunum og því viðhélst hegðunin. Hegðunin er „flótti“ frá aðstæðunum (Crone og Horner, 2003, og Gylfi Jón Gylfason, 2005). Með því að skilja virkni hegðunar og afleiðingar er hægt að hafa mikil áhrif á hegðun með réttum aðferðum (Crone og Horner, 2003).

Hegðunarvandi í grunnskólum

Orsakir hegðunarvanda geta verið af ýmsum toga eins og kemur fram í rannsókn Webster-Stratton og Reid frá árinu 2003. Þar telja þeir upp marga þætti sem geta leitt til hegðunarvanda. Má þar nefna þætti eins og lélegt uppeldi, þunglyndi foreldra, námsörðugleika og slæman félagsskap.

Ýmsir þættir innan skóla geta ýtt undir hegðunarvanda hjá nemendum. Léleg kennsla getur t.d. leitt til lakari námsárangurs og léleg þjálfun í samskiptum við aðra getur leitt til lakari félagsfærni og sjálfstjórnar. Þessir þættir geta á sama tíma ýtt undir hegðunarvanda nemenda. Óljósar væntingar og reglur um æskilega hegðun valda ruglingi og auka líkur á hegðunarvanda og ef reglum í skólum er ekki fylgt eftir af kennurum þá eykst óæskilega hegðun. Ef ekki er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu fyrir börn sem þurfa á því að halda aukast líkur á að

hegðunarvandi komi fram (Sprague o.fl., 2001). Það hefur einnig verið bent á að skólasamfélagið er orðið fjölbreyttara en það var áður fyrr. Fleiri og fleiri nemendur koma frá mismunandi menningarheimum og hafa því annað móðurmál en kennt er í skólanum. Þar af leiðandi er erfiðara fyrir þá að aðlagast skólaumhverfinu og eykur það líkur á óæskilegri hegðun (Sprague o.fl., 2001). Þessi aukna fjölbreyttni kallar á meiri hegðunarstjórn innan skóla svo mætt sé þörfum allra barna.

Óæskileg hegðun/hegðunarvandi eru ýmis hegðunarmynstur sem ógna félagslegum normum í samskiptum við aðra. Birtingarform óæskilegrar hegðunar geta verið mis alvarleg. Allt frá því að ljúga eða hlýða ekki og upp í sjálfsskaðandi hegðun og árásarhneigð. Þessi vandi er oft til staðar áður en börn fara í grunnskóla (McCurdy o.fl., 2003).

Skólinn er talinn vera kjörinn staður til að vinna með og koma í veg fyrir óæskilega hegðun nemenda. Hegðunarvandi getur gert skólaumhverfið óöruggt og athygli kennara beinist í auknu mæli að óæskilegri hegðun og tekur þar með tíma frá því að aðstoða aðra nemendur (Luiselli o.fl., 2002 og Sprague o.fl., 2001). Íslensk rannsókn sýndi fram á að þegar óæskileg hegðun væri mikil í skólanum þá tæki það þungt á starfsmenn skólanna og þeir myndu upplifa ráðaleysi um hvernig þeir ættu að taka á málunum. Það hefur sýnst að þar sem lítið er um óæskilega hegðun þá eru samskipti við foreldra jákvæðari og öflugt foreldrastarf virðist hjálpa til við að minnka óæskilega hegðun (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006).

Þar sem hegðunarvandi hefur verið að aukast síðustu ár og um helmingur alla vandamála sem koma upp í skólum tengjast þeim (Sugai o.fl., 2000) þá mætti spara bæði tíma og peninga með því að draga úr slíkum vanda. Hegðunarstjórnun getur skilað jákvæðum breytingum inn í skólakerfið fyrir alla þá sem nýta sér það og því er mikilvægt að efla hana innan skóla almennt.

Hegðunarstjórnun í grunnskólum

Hegðunarstjórnun í grunnskólum hefur því miður verið ábótavant. Hegðunarstjórnunar aðferðir í skólum eru oft einfaldar og almennar lausnir við flóknum hegðunarvanda (Sprague o.fl., 2001). Ástæðurnar geta verið þær að inngripið sem var valið hentaði ekki á þann vanda sem var til staðar, ekki var eytt nægum tíma í að leysa vandann og þekking á aðferðum við vandanum var ekki nægjanleg (Walker og Horner, 1996). Þegar einfaldar og almennar lausnir virka ekki leita kennarar oft í refsimiðaðar aðferðir.

Dæmi um refsimiðaða aðferð er þegar kennari lætur nemanda sitja eftir vegna þess að hann hagaði sér illa í kennslustund. Refsimiðaðar aðferðir virðast vera skammtímalausnir sem bera ekki langtíma áhrif. Meira að segja hafa rannsóknir sýnt að refsimiðaðar aðferðir leiði

yfirleitt til aukins hegðunarvanda síðar meir, refsingin hefur oft áhrif fyrst en með endurtekningu venst nemandinn og beita þarf harðari refsingu til að hafa sömu áhrif og áður. Því þarf að leita markvissari leiða til hegðunarstjórnunar (Sprague o.fl., 2001, Metzler, Biglan og Rusby, 2001 og Sugai og Horner, 2002).

Góð hegðunarstjórnunarkerfi miða að því að minnka óæskilega hegðun og jafnvel koma í veg fyrir hana. Því fyrr sem komið er á góðu hegðunarstjórnunarkerfi, því minni líkur eru á að alvarlegur hegðunarvandi komi upp (Metzler o.fl., 2001). Í rannsókn sem gerð var á Íslandi var talað um kosti einstaklingsmiðaðs náms sem aðferð við hegðunarstjórn. Þar var tekið dæmi af nokkrum strákum sem glímdu við mikinn hegðunarvanda. Þeir höfðu áhuga á líkamsrækt og var ákveðið að setja upp líkamsræktarstöð í skólanum þeirra. Þeir fóru þá að eyða meiri tíma við æfingar, urðu þar af leiðandi ánægðari í skólanum og því batnaði hegðun þeirra í kjölfarið (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Þetta er gott dæmi um jákvætt inngríp þar sem nemendur og starfsmenn finna lausn saman.

Áhrifarík leið til hegðunarstjórnunar er að „ná börnunum meðan þau eru góð“. Með því er átt að hrósa þeim veglega þegar þau haga sér æskilega. Eins og að segja „Rosalega varst þú duglegur að standa svona fallega í röðinni áðan“. Þetta er einn meginþáttur í aðferð sem kallast Stuðningur við jákvæða hegðun (Durand og Koegel, 2011).

Stuðningur við jákvæða hegðun

Stuðningur við jákvæða hegðun (*Positive behavior support- PBS*) er hegðunarstjórnunarkerfi. Hér eftir verður talað um Stuðning við jákvæða hegðun sem PBS. Aðferðir PBS voru þróaðar við Háskólann í Oregon um 1980 og voru þá hannaðar fyrir mjög alvarlegan hegðunarvanda hjá þeim sem voru með fötlun. Nú hefur markmiðið færst yfir á að beita aðferðunum á alla nemendur og fá fram jákvæða lífstílsbreytingu og auka lífsgæði þar sem einnig er reynt að fyrirbyggja hegðunarvanda (Clarke, Worcester, Dunlap, Murray og Bradley-Klug, 2002 og McCurdy o.fl., 2003).

PBS er jákvætt inngríp við að koma á æskilegri hegðun. Kostur við PBS er að það er hægt að nota á alla en getur líka verið mjög einstaklingsmiðað. Aðferðir PBS eru ekki nýjar af nálinni, heldur er búið að kerfisbinda hefðbundnar jákvæðar aðferðir við skóla, heimili og samfélag til að ná fram jákvæðu umhverfi og minnka hegðunarvanda í skólum (McIntosh, Campbell, Carter og Dickey, 2009). Ekkert inngríp í PBS veldur sársauka eða líkamlegum átökum sem gætu valdið skaða. PBS er mikilvægt framlag til að greina og koma á áhrifaríku kerfi í skólum til að byggja upp gott samfélag, sérstaklega fyrir þá nemendur sem sýna

hegðunarvanda (Sugai o.fl., 2000). Talið er að um 75-85% vandamála í skólum sé hægt að komast hjá ef að unnið er mjög vel eftir aðferðum PBS (Walker og Horner, 1996).

Aðferðir PBS koma frá þremur sjónarmiðum. Fyrst úr hagnýtri atferlisgreiningu og frá henni koma þær aðferðir og hugtök sem stuðst er við í PBS. Þar er umhverfið talið hafa áhrif til að breyta hegðun, auka lífsgæði og minnka hegðunarvanda. Annað sjónarmið er að PBS leggur áherslu á normaliseringu, þ.e. að þeir sem glíma við hömlun eða fötlun á einhvern hátt eigi samt að hafa sama aðgang að tækifærum og vera í sama umhverfi og aðrir. Þriðja sjónarmiðið er einstaklingsmiðuð gildi (Carr o.fl., 2002).

Níu grunnskólar í Reykjavík hafa tileinkað sér aðferðir PBS. Síðan vinna þrjú grunnskólar eftir aðferðum PBS í Reykjanesbæ. Þetta kemur fram á upplýsingavef Þjónustumiðstöðvar Breiðholts (2008). Að auki eru átta grunnskólar í Hafnarfirði sem notast við PBS undir heitinu SMT (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, e.d.).

Innleiðing aðferða PBS í grunnskóla er langt ferli. Til að hægt sé að innleiða aðferðir PBS í grunnskóla þurfa a.m.k. 85% starfsmanna að vera samþykkir innleiðingunni. Það tekur 3-5 ár að innleiða kerfið í heild og fylgja skal nákvæmu skipulagi. Fyrsta árið er undirbúningsár. Þá er útbúið sérstakt teymi sem vinnur í að koma á PBS aðferðum í skólastarfinu. PBS er lagað að hverjum skóla og skilgreint hvað teljist óæskileg hegðun á hverjum stað. Kennurum er kennt hvernig þeir kenna nemendum æskilega hegðun og ákveðið er hvernig eigi að umbuna nemendum fyrir æskilega hegðun. Teymið ákveður svo þrjú einkunnarorð fyrir skólann eins og til dæmis „Virðing, Ábyrgð og Vinátta“ (Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).


Á öðru ári innleiðingar eru fyrsta stigs forvarnir kenndar og er það stuðningur við alla nemendur skólans. Þetta er fyrsta framkvæmdarárið. Væntingar til æskilegrar hegðunar eru kynntar nemendum og hvernig eigi að haga sér samkvæmt einkunnarorðunum. Nemendur æfa æskilega hegðun og kennarar æfa sig í að styrkja hana t.d. með hrósi eða hvatningakerfi. Myndir af væntingum til æskilegrar hegðunar eru hengdar upp til að það sjáist til hvers er ætlast af nemendum. Allir kennarar skulu taka á óæskilegri hegðun nemenda samkvæmt agaferli skólans til að samræma aðferðirnar (Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).

Þriðja árið í innleiðingu er einnig framkvæmdarár. Þá er starfsmönnum kenndar annars stigs forvarnir eins og stjórnun og stuðningur við stóra hópa. Mikil áhersla er lögð á hópa, t.d. hegðunarvanda í hópum og hvernig sé best að breyta hegðun innan hóps. Kennarar æfa aðferðir til að koma í veg fyrir hegðunarvanda og læra hvernig sé hægt að beita afleiðingum til að breyta hegðun. Starfsmönnum eru kenndar aðferðir til að auka félagsfærni nemenda (Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).

Fjórða ár innleiðingar er síðasta framkvæmdarárið. Þá eru kenndar þriðja stigs forvarnir sem leggja áherslu á hegðun hvers og eins nemanda. Starfsmenn fá kennslu í að gera virknimat á hegðun og úrræði fundin fyrir nemendum með mikinn hegðunarvanda. Einnig er fjallað um hvernig þátttaka foreldra og samvinna við þau skipti miklu máli (Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).

Fimmta árið er viðhaldsár. Teymið sem var skipað í upphafi heldur vel utan um skólann, sér um eftirfylgni og hefur yfirsýn með gagnaöflun. Séð er til þess að hver starfsmaður fylgi starfsaðferðum og að nýjir starfsmenn fái þjálfun (Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).

Eins og segir hér á undan byggir PBS á þremur tegundum af forvörnum, þ.e. fyrsta- annars- og þriðja stigs forvarnir. Farið er eftir ákveðnum reglum þegar nemendur eru færðir upp og niður þrepin í forvarnarlíkaninu. Byggist það á þörfum hvers og eins fyrir stuðningi og fylgst er með þeim þörfum með reglulegu mati. Því ofar sem nemendur færast í þrepunum, því meira inngríp verður nauðsynlegt (McIntosh o.fl. 2009). Mynd 1 sýnir forvarnarlíkanið.



Mynd 1. Þriggja þrepa forvarnarlíkan PBS-kerfisins (Anna María Frímannsdóttir, 2006).

Fyrsta stigs forvarnir (*primary prevention*) ná að meðaltali til um 85-90% nemenda skólans. Þeim er ætlað að minnka líkur á að óæskileg hegðun komi upp. Forvarnirnar eiga við alla í skólanum. Umhverfið er skipulagt til að hámarka líkur á æskilegri hegðun. Nemendum er kennd æskileg hegðun og uppi á veggjum hanga væntingar til þeirra hegðunar. Til dæmis hanga uppi reglur um að labba eigi á göngunum, en ekki hlaupa, og tekin æfing í því (Walker og Horner, 1996 og Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).

Annars stigs forvarnir (*secondary prevention*) nýtast 7-10% nemenda að meðaltali. Það eru m.a. þeir nemendur sem ekki bregðast við fyrsta stigs forvörnum. Þeir eru taldir í áhættuhópi fyrir hegðunarvanda og þurfa aukinn stuðning. Þá er t.d. sett af stað hópavinna þar sem unnið er að settum markmiðum. Samvinna við foreldra er mikilvæg á þessu stigi (Walker og Horner, 1996 og Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008). Með auknum hegðunarvanda í skólum þarf meiri stuðning við fjölskyldur þeirra barna. Það þarf að sjá til þess að foreldrar hafi greiðan aðgang að rannsóknum á aðferðum PBS og geti kynnt sér þær. Það hefur reynst áhrifaríkt að hafa foreldra virka þátttakendur í teymi því að samstarf við foreldra skilar minnkandi hegðunarvanda (Markey, Markey, Quant, Santelli og Turnbull, 2002).

Þriðja stigs forvarnir (*tertiary prevention*) beinast að meðaltali að 3-5% nemenda. Það eru þeir sem eiga við hegðunarvanda sem er það alvarlegur að hann hamlar námi. Í kringum nemendur þessa hóps er alltaf útbúið sérstakt teymi sem saman stendur af foreldrum, kennurum, starfsmönnum skólans o.fl. Á þessu stigi er haft samband við sérhæfðar stofnanir vegna vandans og allir vinna í sameiningu eftir einstaklingsmiðaðri stuðningáætlun sem gerð er fyrir nemandann (Walker og Horner, 1996 og Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2008).

Samkvæmt aðferðum PBS eiga kennarar og aðrir starfsmenn í kennslustofum að sýna nemendum þá hegðun sem er ætlast til af þeim. Eins og hvernig á að sitja æskilega í sætunum, biðja um hjálp og fá athygli frá kennara. Kennari á að fara yfir þetta nokkrum sinnum á ári. Mikilvægt er að kennari sé virkur í kennslustofunni, gangi á milli, skanni svæðið og tali við nemendur. Þannig læra nemendur að kennarinn sé að fylgjast með þeim og þeir leggja sig meira fram. Kennari á að veita þeim mikla jákvæða athygli eins og hrós og bros. Talað er um að æskilegt hlutfall sé um það bil sex til átta jákvæð samskipti kennara og nemenda á móti einu neikvæðu (Sugai og Horner, 2002).

Á almennum svæðum, eins og á göngum eða í matsal, er hegðun nemenda öðruvísi en í kennslustofum. Þar eru oft fleiri saman komnir, mikið af félagslegum samskiptum, minna um að starfsmenn séu í kringum þá og þ.a.l. minni samskipti við fullorðna. Þó verða starfsmenn að passa að sinna virku eftirliti, færa sig á milli svæða, fylgjast með nemendum og

hafa samskipti við þá, hvort sem æskileg eða óæskileg hegðun sé til staðar. Það verður að kenna æskilega hegðun á göngunum og öðrum stöðum og nemendur verða að hafa tækifæri á að æfa rétta hegðun. Það er mjög mikilvægt að hrósa nemendum fyrir æskilega hegðun því þá læra nemendur að það sé mikilvægt að fara eftir reglunum og þeir séu metnir fyrir það (Sugai og Horner, 2002).

Námskeið um hegðunarstjórn byrjaði árið 2003 á Suðurnesjum. Kallast það *SOS - Hjálp fyrir foreldra* og hafa vinsældir þess aukist mikið síðustu ár. Námskeiðið er fyrir foreldra allra barna og hafa tilvísunum vegna hegðunarvanda fækkað þar eftir að útbreiðsla námskeiðsins varð almenn. Námskeiðið er talið hafa áhrif en það er ekki hægt að segja með fullri vissu. Á námskeiðinu koma fram nokkuð mikilvægir punktar hvað varðar uppeldi. Eins og að alltaf skuli verðlauna fyrir æskilega hegðun og gera það eins fljótt og hægt er. Passa verði að verðlauna ekki fyrir andfélagslega hegðun og fyrir óæskilega hegðun skuli beita mildri refsingu. Einnig er talað um algeng mistök foreldra í uppeldi eins og að gleyma að verðlauna fyrir æskilega hegðun eða refsa óvart fyrir hana. Önnur mistök, eins og að verðlauna fyrir óæskilega hegðun og að ekki sé refsað fyrir andfélagslega hegðun, eru þættir sem þarf að reyna að komast hjá. Lögð eru ákveðin grundvallarviðhorf að markmiði á námskeiðinu. Þau eru að það verður að bera virðingu fyrir barninu og nota aðeins vægar refsingar eins og t.d. hlé frá aðstæðunum. Alls ekki eigi að beita líkamlegum refsingum eins og að rasskella eða nota niðurlægjandi tal (Gylfi Jón Gylfason, 2005).

Í grein Gylfa Jóns Gylfsonar (2005) kemur fram að yngra fólk er líklegra til þess að nýta sér aðferðir hegðunarstjórnunar heldur en þeir starfsmenn sem eldri eru og hafa kennt lengi. Það verður líka að vera undir hverjum og einum komið hvort þeir vilji taka þátt í námskeiðinu, og þar með beita aðferðum hegðunarstjórnunar, því það hefur sýnt sig að það sé ekki gott að láta fólk sitja námskeið sem hefur ekki áhuga á því. Það verður að vera val um þátttöku.

Eins og fram hefur komið leggja aðferðir PBS áherslu á jákvæða hegðun sem gera samskipti nemenda og kennara betri. Það tekur tíma að innleiða kerfið í heild en árangur má sjá eftir innleiðingu.

Rannsóknir um áhrif og árangur Stuðnings við jákvæða hegðun

Fjöl margar rannsóknir hafa verið gerðar á árangri PBS. Í þeim hefur komið fram að PBS dregur úr óæskilegri hegðun nemenda, tilvísunum til skólastjóra og brottvísunum fækkar, og á sama tíma veita kennarar nemendum meiri jákvæða athygli og líðan kennara verður betri í vinnunni. Í grein Taylor-Greene og félagar (1997) kom fram að til að innleiðing

hegðunarstjórnunarkerfa í skólum sé sem markverðust þá verði starfsmenn og aðrir sem koma að kerfinu að gera sér grein fyrir að það tekur tíma að koma kerfinu á. Starfsmenn þurfi líka að trúa því að breyting sé möguleg og vinna eftir því.

Flestar af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum PBS styðjast við óbeinar mælingar. Það þýðir að ekki sé fylgst beint með hegðuninni sem verið er að rannsaka heldur séu mælingar eins og t.d. svörun spurningalista og hlutfall vísana til skólastjóra notaðar til að meta breytinguna og sjá áhrif aðferða PBS. Gott dæmi um það er rannsókn sem þeir Metzler og félagar (2001) gerðu á innleiðingu hegðunarstjórnunarkerfis í þremur skólum í Bandaríkjunum. Niðurstöður spurningalista sem nemendur svöruðu um kennara sýndu að kennarar veittu nemendum meiri jákvæða athygli, notuðu hvatningakerfi oftar og sendu oftar jákvæð skilaboð heim til foreldra eftir innleiðingu kerfisins. Einnig fækkaði tilvísunum til skólastjóra sem gaf til kynna að óæskileg hegðun nemenda hafi minnkað.

Sömu niðurstöður fengust í rannsókn sem fjallaði líka um innleiðingu PBS. Rannsóknin var kölluð *Key-to-Success* verkefnið og stóð yfir í tvö ár. Tilvísunum til skólastjóra fækkaði og minna var um slagsmál meðal nemenda eftir innleiðingu PBS (McCurdy o.fl., 2003).

Áhrif aðferða PBS hafa einnig verið skoðuð með sérstöku tilliti til nemenda sem þurfa á annars- og þriðja stigs forvörnum að halda. Netzel og Eber (2003) gerðu rannsókn þar sem markmiðið var að sýna fram á þessi áhrif með því að búa til stuðningsteymi og veita ráðgjöf varðandi þessa nemendur. Niðurstöður sýndu að strax eftir fyrsta ár innleiðingar varð 22% minnkun í brottvísunum úr skóla að auki sem vísunum til skólastjóra fækkaði. Þá kom einnig í ljós, eftir að starfsmenn svöruðu spurningalista, að PBS hefur jákvæð áhrif á líðan starfsmanna í vinnunni og viðmót starfsmanna til nemenda varð betra.

Aðferðir PBS eru einnig taldar hafa langtímaáhrif. Rannsókn sem var gerð í skóla í vestur Massachussetts þar sem inngripið stóð í 4 ár, frá 1996-2000, sýndi að áhrif PBS virðast vera langvarnandi. Inngripið tók til allra í skólanum og um 640 nemendur tóku þátt hvert ár. Kennarar bjuggu til hvatningakerfi sem var notað til að auka jákvæða hegðun nemenda. Eftir innleiðingu fóru nemendur að mæta betur í skólann og á hverjum degi var skráð niður hverjir höguðu sér æskilega. Lottó, sem var notað sem hvatningakerfi, var síðan haldið þrisvar sinnum yfir skólaárið fyrir þá nemendur sem höfðu unnið sér inn þátttökurétt með æskilegri hegðun. Kennarar skráðu einnig eftirsetu nemenda en hún minnkaði með hverju ári eftir innleiðingu og var hún tvöfalt meiri á fyrsta árinu miðað við fjórða ár innleiðingar. Notkun ólöglegra efna minnkaði einnig margfalt eftir því sem leið á rannsóknina. Þessar niðurstöður

ættu að hvetja starfsmenn til að halda áfram að hrósa og hvetja nemendur áfram því að árangurinn virðist vera langvarandi (Luiselli o.fl., 2002).

Rannsóknir hafa líka verið gerðar á áhrifum PBS með beinum mælingum, það er að rannsakendur fara á þann stað sem á að rannsaka og mæla þá hegðun sem þeir verða vitni að. Dæmi um rannsókn með beinum mælingum er rannsókn þeirra Clarke og félaga (2002). Þeir gerðu tilviksrannsókn (*case study*) á 12 ára einhverfri stúlku og vildu auka lífsgæði hennar og minnka hegðunarvanda. Hún vildi ekki vinna verkefni, var óánægð í skólanum og neitaði að labba á milli staða. Hegðun stúlkunnar var tekin upp á myndband sem rannsakandur skoðuðu. Hegðunarvandinn var mældur út frá fjölda atvika af sjálfsskaðandi hegðun eins og að bíta sig eða láta sig detta í gólfid og ánægja stúlkunnar var metin út frá þeim skiptum sem hún t.d. klappaði eða hló. Þetta eru dæmi um beinar mælingar. Foreldrar og teymið sem var stofnað í kringum stúlkuna svöruðu svo spurningalista um það hvort þeim fyndist vera einhver breyting á hegðun stúlkunnar eftir inngrip. Niðurstöður gáfu til kynna að hegðunarvandi hennar minnkaði mjög mikið við vinnu á verkefnum, hegðunarvandinn mældist í upphafi að meðaltali 44% en aðeins um 11% að meðaltali eftir inngrip. Við upphaf mælinga var stúlkun ánægð í um 60% tilvika að meðaltali en í 95% tilvika eftir inngrip. Í 75% tilvika áður en inngrip var komið á neitaði hún að fara á milli staða en það kom aðeins fyrir í 31% tilvika eftir inngrip. Vandinn við þessa rannsókn er að það er erfitt að alhæfa út frá henni þar sem það var aðeins einn þátttakandi.

Á Íslandi er í gangi langtíma rannsókn á árangri aðferða PBS sem fór af stað 2007-2009. Hún er gerð í þremur grunnskólum í Reykjanesbæ og er ein af fyrstu rannsóknunum þar sem rannsakað er með beinu áhorfi. Niðurstöður úr mælingum sem teknar voru á unglíngastigi á haustönn 2009 sýndu fram á mikla aukningu í jákvæðri athygli starfsmanna við nemendur og óæskileg hegðun nemenda minnkaði nokkuð á almennum svæðum. Aftur á móti kom fram að starfsmenn virtust ekki vera að notast við allar þær aðferðir sem rannsakendur voru að mæla. Sem dæmi má nefna að starfsmenn leiðréttu óæskilega hegðun nemenda svo til aldrei og allt of oft kom fyrir að starfsmenn voru ekki á þeim svæðum þar sem hefði átt að vera starfsmaður (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Á Íslandi hefur færst í aukana að grunnskólar kynni sér og nýti aðferðir PBS. Það kom fram í sérkennslukönnun sem gerð var í öllum grunnskólum í Reykjavík að hjá um 85% skólanna hefði kennari sótt námskeið í atferlisþjálfun en það er í samræmi við PBS. Það skilar góðum árangri að hafa vel þjálfaða kennara og því jákvætt að þetta hlutfall sé hátt. Hjá um 79% skólanna áttu nemendur með hegðunarvanda kost á atferlisþjálfun í skólanum sem er einnig mjög jákvætt og langflestir skólarnir buðu upp á aðgang fyrir kennara að ráðgjöf innan

skólans vegna hegðunarvanda nemenda. Þekking á sviðinu er nauðsynleg ef vinna á markvisst eftir PBS. Einnig kom fram í sömu könnun að kennsla eftir einstaklingsnámskrá hefur aukist mikið sem leiðir til þess að persónuleg markmið eru sett fyrir nemendur sem eykur líkur á æskilegri hegðun (Sigurbjörg J. Helgadóttir, 2006). Sambærileg könnun hefur ekki verið endurtekin og því ekki ljóst hvernig þess mál standa nú árið 2011.

Það er mikilvægt að öllum líði vel og því nauðsynlegt að hlúa að nemendum og starfsmönnum. Rannsóknir sýna að með því að innleiða PBS inni skóla þá eykst æskileg hegðun, hegðunarvandi minnkar og starfsmönnum líður betur. Þekking á sviðinu er alltaf að aukast hér á Íslandi og fleiri rannsóknir gerðar til að meta árangur. Þessi rannsókn er hluti af þeirri langtíma rannsókn sem gerð er í Reykjanesbæ í þremur grunnskólum sem hafa innleitt aðferðir PBS. Þessari rannsókn er ætlað að lýsa þeim niðurstöðum sem komu frá inngrípsmælingum á vorönn 2010.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru bæði nemendur og starfsmenn í þremur grunnskólum í Reykjanesbæ. Nemendurnir voru allir á unglingsstigi eða úr 8., 9. og 10. bekk en starfsmennirnir sem með þeim unnu voru kennarar, leiðbeinendur, skólalíðar og aðrir starfsmenn.

Skólarnir verða kallaðir skóli eitt, skóli tvö og skóli þrjú. Í skóla eitt skiptust þátttakendur í 140 nemendur og 78 starfsmenn. Þátttakendur í skóla tvö skiptust svo í 140 nemendur og 68 starfsmenn. Í skóla þrjú voru þátttakendur 117 nemendur og 61 starfsmaður.

Rannsóknaraðstæður

Rannsóknin fór fram innan- og utandyra í skólunum þremur á skólatíma. Mælingar fóru fram í kennslustofum og á almennum svæðum. Til almennra svæða teljast stigar, gangar, salerni, fatasvæði, skósvæði, útisvæði, inngangur og matsalur. Þegar mæling fór fram í kennslustofu var skráð hvort það væri almenn kennsla í gangi eða myndbandssýning, hljóðlestur, próf eða upplestur kennara. Reynt var að hafa sem minnst áhrif á rannsóknaraðstæður með því að tilviljun réði því í hvaða kennslustofu var mælt og mælingamaður/rannsakandi reyndi að koma sér þannig fyrir að lítið bæri á honum. Mælingar á almennum svæðum voru gerðar milli kennslustunda, í frímínútum og hádegishléum.

Mælitæki

Rannsóknin var framkvæmd með beinum áhorfsmælingum. Notast var við bilskráningarkerfi (*partial interval recording*) þar sem horft var á hegðun í 10 sekúndur og næstu fimm sekúndur á eftir voru notaðar til að skrá þá hegðun sem rannsakandi sá á þar til gert skráningarblað (*sjá viðauka 2*). Allar mælingar stóðu í fimm mínútur nema mælingar í kennslustofum og matsal, þær mælingar stóðu í tíu mínútur.

Rannsakandi notaði Ipod við mælingarnar en á honum var hljóðskrá sem sagði til um upphaf og endalok og hvenær skráning ætti að eiga sér stað. Hljóðskráin innihélt karlmannsrödd sem sagði „horfa“ og að 10 sekúndum liðnum sagði hann „skrá“. Þá hafði rannsakandi fimm sekúndur til að skrá aðdraganda, hegðun og afleiðingu. Að fimm sekúndum liðnum var skráningu lokið og hljóðskráin endurtók sig út mælingartímann.

Á hverju skráningarblaði voru 20 bil og var skráð í hvert bil eftir að mælingamaður hafi horft á aðstæður í 10 sekúndur. Aðdragandi hegðunar nemenda var skráður, hegðunin

sjálf og hvort starfsmenn hafi brugðist rétt eða rangt við hegðun nemenda. Skráð var ef markhegðun kom fram innan bilsins en rannsakandi notaði fyrirfram lærðar skilgreiningar á markhegðun (*sjá viðauka 1*). Ekki skipti máli hvort markhegðun kom fram oftari en einu sinni innan bilsins því einungis var skráð hvort hún kom fram en ekki hversu oft.

Rannsóknarsnið

Frumbreyta rannsóknarinnar var innleiðing á Stuðningi við jákvæða hegðun, öðru nafni PBS. Fylgibreytur voru í fyrsta lagi aðdragandi hegðunar sem snéri að starfsmönnum. Aðdragandi gat verið spurning, fyrirmæli og/eða bending. Einnig var gerður greinarmunur á því hvort aðdragandi væri skýr (jákvæður (+) eða neikvæður (-)) eða óskýr (jákvæður eða neikvæður). Í öðru lagi var hegðun nemenda fylgibreyta en hún gat verið æskileg eða óæskileg. Taldist æskileg hegðun vera sú hegðun sem reglur sýndu að væri í lagi. Óæskileg hegðun gat falið í sér fyrsta-, annars- eða þriðja stigs hegðunarfrávik (*nánar í viðauka 1*). Í þriðja lagi voru fylgibreytur sem mældu rétt eða röng viðbrögð starfsmanna sem afleiðingu af hegðun nemendanna. Rétt viðbrögð voru þegar starfsmaður veitti jákvæða athygli, leiðrétti óæskilega hegðun (RED), beitti viðeigandi hegningu eða notaði virka hunsun. Röng viðbrögð voru þegar starfsmaður veitti ranga umbun, beitti óviðeigandi hegningu eða sýndi óviðeigandi hunsun. Að síðustu var einnig skráð þegar starfsmenn voru ekki á staðnum. Ef nemendur voru færri en fimm þá var skráð „starfsmaður ekki á staðnum“ en ef nemendur voru fimm eða fleiri var skráð „starfsmaður ætti að vera á staðnum“. Nánari útlistun á skilgreiningum er að finna í viðauka 1.

Einnig var merkt við hvort að reglur/væntingar til hegðunar væru sýnilegar eða ekki.

Framkvæmd

Grunnlínumælingar hófust í skóla eitt árið 2007 og inngrípsmælingar hófust svo um haustið 2008. Tekin var fyrst grunnlínumæling í skóla tvö haustið 2007 og inngrípsmælingar hófust síðan um vorið 2009. Haustið 2007 hófust grunnlínumælingar í skóla þrjú og inngrípsmælingar vorið 2009.

Gögn sem sýnd eru hér var safnað dagana 1.-19. mars 2010 og voru inngrípsmælingar. Skipt var mælingum niður í þrjú aldurstig. Á yngsta stigi var 1.-4. bekkur, á miðstigi voru 5.-7. bekkur en á unglingastigi var 8.-10. bekkur. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru einungis af unglingastigi.

Nokkrum dögum áður en rannsóknin hófst fékk mælingamaður rannsóknargögn afhent og kynnti sér skráningarblað (*viðauki 1*) vel og lærði skilgreiningar markhegðunar utanbókar. Eftir það fór fram þriggja daga þjálfun í skráningu undir leiðsögn Kolbrúnar Ingibjargar Jónsdóttur meistaránema í sálfræði við Háskóla Íslands.

Í þjálfuninni voru tveir mælingamenn látnir fylgjast með sama svæðinu og áreiðanleiki mælinga athugaður að þeim loknum. Ef upp komu vafaatriði voru þau rædd og komist að niðurstöðu um hvernig skyldi skrá. Þótti ásættanlegt við lok þjálfunar ef áreiðanleiki var yfir 80% fyrir hverja markhegðun.

Þegar byrjað var að mæla kom mælingamaður sér fyrir á stað þar sem hann hafði góða yfirsýn yfir markhegðun og setti svo hljóðskrána í gang sem sagði til um hvenær átti að fylgjast með hegðun og hvenær átti að skrá hana niður. Á almennum svæðum var fylgst með svæði sem var um það bil 10x10 skref en í kennslustofu var fylgst með öllum bekknum. Ef nemendur á almennum svæðum færðu sig um set var þeim fylgt eftir svo lítið bæri á. Alltaf áður en mælingamaður fór út úr kennslustofu, eða var búinn að mæla á almennum svæðum, athugaði hann hvort að reglur eða væntingar til hegðunar væru sýnilegar frá því svæði sem hann mældi.

Hver mæling var fimm mínútur sem samsvaraði einu skráningarblaði. Við 10 mínútna mælingar voru notuð tvö skráningarblöð. Teknar voru þrjár mælingar á dag (ein morgun-, hádegis- og eftir hádegi mæling) í þrjár vikur og skiptist það í fimm morgunmælingar, fimm hádegismælingar og fimm mælingar eftir hádegi. Samtals voru þetta því 15 mælingadagar eða allir virkir dagar í þrjár vikur. Á hverjum degi var farið í alla skólana og mælt. Til dæmis var mælt í skóla eitt um morguninn, skóla tvö í hádeginu og í skóla þrjú eftir hádegi. Þeirri röð var haldið í eina viku en svo breyttist röðin og t.d. mælt næstu viku um morgun í skóla þrjú, hádegi í skóla eitt og eftir hádegi í skóla tvö. Það var gert til þess að mælingar sem voru teknar í hverjum skóla væru ekki alltaf teknar á sama tíma og gætu því speglað allt skólastarfið.

Byrjað var að mæla klukkan 9:00 á morgnanna. Þá voru teknar tvær mælingar í kennslustofu (tók 10 mínútur) og svo færði mælingamaður sig yfir á almenn svæði og tók þar fjórar fimm mínútna mælingar á mismunandi svæðum. Samtals voru sex skráningarblöð í morgunmælingum á hverjum degi. Í hádegismælingum, sem byrjuðu um 10:50, voru sömu svæði mæld og um morguninn auk þess sem 10 mínútna mæling í matsal bættist við. Hádegismæling tók því 40 mínútur og var átta skráningarblöð í hvert skipti. Mælingar eftir hádegi byrjuðu um 12:45 og voru eins margar og kostur var. Þá var byrjað að mæla í kennslustofu í 10 mínútur og oft náðust ekki nema um ein til þrjár mælingar á almennum svæðum vegna þess að stundum skiptu nemendur ekki um stofu milli tíma. Jafnframt voru nemendur stundum svo fljótir að fara á milli stofa að ekki náðist að mæla og kom fyrir að þeir voru búnir í skólanum snemma og því fljótir að klæða sig og fara út.

Mælingar eftir hádegi tóku því mest frá 10 til 25 mínútur og voru tvö til fimm skráningarblöð.

Áreiðanleiki

Þrír mælingamenn sáu um áreiðanleikamælingar fyrir unglingastigið.

Áreiðanleikamælingar voru teknar í fimm daga af rannsókninni. Krafa var gerð um að áreiðanleiki væri tekinn í um 30% tilvika af heildarfjölda mælinga. Áreiðanleikamælingar voru teknar í 28,46% skipta, og má því segja að þessari kröfu hafi verið fullnægt. Ástæða þess að áreiðanleikamælingar voru gerðar var til þess að ganga úr skugga um að mælingamaður væri að mæla rétta markhegðun því hann mældi mikið einn og þá mikilvægt að áreiðanleiki milli matsmanna væri hár, eða um 80% fyrir hverja breytu.

Áreiðaleikamælingarnar fóru þannig fram að mælingamenn (mælingamaður og áreiðanleikamælingamaður) skilgreindu mjög vel hvaða svæði skyldi horfa á svo öruggt væri að þeir væru að horfa á sama staðinn eða sjá sömu hegðun. Þeir hlustuðu á sömu hljóðskrána í sama Ipodinum og höfðu heyrnartólin í öðru eyra. Það var gert til þess að þeir myndu örugglega vera að horfa og skrá á sama tíma. Mælingamenn gættu þess að horfa aðeins á sitt eigið skráningarblað þegar átti að skrá til þess að láta skráningu hvors annars ekki trufla sig eða hafa áhrif á hvaða hegðun þeir skráðu. Ef ósamræmi var á milli matsmanna í einu bili í einum dálki dróst 5% af áreiðanleikanum fyrir hverja breytu. Til að auka líkur á góðu samræmi milli mælingamanna var áreiðanleiki reiknaður út strax eftir hverja mælingu eða eins fljótt og kostur var. Með því var hægt að ræða ósamræmið ef svo bar undir.

Í töflu eitt má sjá niðurstöður áreiðanleikamælinga. Sýnt er meðaltal áreiðanleika og spönn fyrir allar fylgibreytur.

Tafla 1. Meðaltal áreiðanleika og spönn yfir 15 mælingadaga.

	Samræmistölur	Spönn
Skýr fyrirmæli +/-	94,40%	80-99,17
Óskýr fyrirmæli +/-	99,18%	94,38-100
Æskileg hegðun	99,95%	99,29-100
Óæskileg hegðun	95,13%	90-98,33
Jákvæð athygli	88,33%	73,33-98,33
RED	100%	100-100
Viðeigandi hegning	99,71%	98,75-100
Virk hunsun	100%	100-100
Röng umbun	99,93%	99-100
Óviðeigandi hegning	100%	99,38-100
Óviðeigandi hunsun	94,84%	85,63-100
STM ekki á staðnum	98,54%	96,67-100
STM ætti að vera á staðnum	97,40%	88-100
Heildarmeðaltal	97,49%	92,65-99,68


Niðurstöður

Rannsóknarniðurstöður eru gefnar í línuritum þar sem lóðrétti ásinn sýnir hlutfall bíla þar sem markhegðun kom fram og lárétti ásinn sýnir númer mælingadags.

Niðurstöður eru birtar fyrir hvern skóla fyrir sig. Mælingum innan hvers skóla er síðan skipt niður eftir því hvort mælt var í kennslustofum eða á almennum svæðum. Einnig sýna töflur hvort að reglur hafi verið sýnilegar í kennslustofum eða á almennum svæðum.


Niðurstöður úr skóla eitt

Inngripsmælingar í skóla eitt hófust haustið 2008. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru inngripsmælingar sem gerðar voru á unglingastigi vorið 2010.




Mynd 2. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla jákvæðrar athygli frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 2 sést að æskileg hegðun var alltaf til staðar nema í mælingu 2 en þá var hún til staðar í 97,5% tilvika. Það merkir að nemendur sýndu æskilega hegðun nánast í hverju bili. Óæskileg hegðun mældist að meðaltali í 7% bíla og spannaði bilið 0-25%. Þegar jákvæð athygli starfsmanna var skoðuð í hlutfalli við æskilega og óæskilega hegðun kom í ljós að mjög misjafnt var hvort starfsmenn veittu nemendum athygli eða ekki. Hlutfallið fór frá 22,5% og upp í 95% bíla. Jákvæð athygli kennara mældist í að meðaltali 59% bíla.




Mynd 3. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila jákvæðrar athygli frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Á mynd 3 má sjá hlutfall æskilegrar og óæskilegrar hegðunar skoðaða í samhengi við jákvæða athygli starfsmanna á almennum svæðum. Þar kemur fram að æskileg hegðun mældist að meðaltali í 99,33% bila en hún mældist lægst í 92,5% bila. Óæskileg hegðun mældist aftur á móti á bilinu 0 – 30% bila eða að meðaltali í 5,97% bila. Þegar litið er til jákvæðrar athygli starfsmanna á almennum svæðum má sjá að hún mældist að meðaltali í aðeins 20,36% bila. Í flestum mælingum var jákvæð athygli kennara að mælast of lágt þar sem t.d. í eitt skipti mældist hún 2,5%. Mest veittu starfsmenn jákvæða athygli í 65% tilvika.




Mynd 4. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila óviðeigandi hunsunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 4 sést að starfsmenn beittu óviðeigandi hunsun frekar lítið í kennslustofum. Óviðeigandi hunsun mældist 27,5% í einni mælingunni en kom fyrir að meðaltali í 6% bila. Benda þessar niðurstöður til að kennarar og aðrir starfsmenn hafi hunsað þá óæskilegu hegðun sem kom fram. Þegar starfsmenn beittu óviðeigandi hunsun á æskilega hegðun merkir það að þeir hafi ekki veitt æskilegri hegðun athygli. Með réttu hefði jákvæð athygli átt að fylgja æskilegri hegðun nemenda.




Mynd 5. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla óviðeigandi hunsunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Notkun óviðeigandi hunsunar á almennum svæðum má sjá á mynd 5. Mynstur óviðeigandi hunsunar og óæskilegrar hegðunar var svipað. Bendir þetta til þess að starfsmenn hafi ekki tekið á óæskilegri hegðun nemenda. Starfsmenn beittu óviðeigandi hunsun í 0-26,25% bíla með meðaltalið 12,75% bíla. Þarna var bæði verið að hunsu æskilega og óæskilega hegðun.




Mynd 6. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla óviðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Mynd 6 sýnir að starfsmenn beittu ekki ekki óviðeigandi hegningu í kennslustofum á meðan mælingum stóð. Þetta er í samræmi við PBS kerfið.




Mynd 7. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla óviðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Á mynd 7 sést að mjög lítið var um óviðeigandi hegningu á almennum svæðum. Óviðeigandi hegning kom aðeins fram í mælingu þrjú þar sem hún mældist mjög lág eða kom fram að meðaltali í 0,8% bíla.




Mynd 8. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila rangrar umbunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Eins og sést á mynd 8 umbunuðu starfsmenn nemendur aldrei ranglega í kennslustofum á meðan á mælingum stóð eins og PBS segir til um.




Mynd 9. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila rangrar umbunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Fram kemur á mynd 9 að starfsmenn umbunuðu nemendur aldrei ranglega á almennum svæðum á meðan á mælingum stóð og er það í samræmi við PBS.




Mynd 10. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila leiðréttrar hegðunar (RED) frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 10 sést að kennarar leiðréttu aldrei óæskilega hegðun nemenda (RED) í kennslustofum. Samkvæmt PBS hefðu kennarar átt að leiðrétta óæskilega hegðun mun oftar.




Mynd 11. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila leiðréttrar hegðunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Mynd 11 sýnir að starfsmenn leiðréttu aldrei óæskilega hegðun (RED) nemenda á almennum svæðum á meðan á mælingum stóð.




Mynd 12. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla viðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Eins og sjá má á mynd 12 beittu starfsmenn viðeigandi hegningu lítið í kennslustofum. Að meðaltali var viðeigandi hegningu beitt í 2,83% bíla eða á bilinu 0-7,5% en óæskileg hegðun kom fram í að meðaltali 7% bíla. Viðeigandi hegningu var beitt of lítið í kennslustofum.




Mynd 13. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla viðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Á mynd 13 sést að hlutfall bíla þar starfsmenn beittu viðeigandi hegningar á almennum svæðum var mjög lágt. Spönnin var 0-4,17% og að meðaltali var viðeigandi hegning notuð í minna en 1% bíla. Starfsmenn hefðu átt að beita viðeigandi hegningu, sérstaklega í 7. mælingu.




Mynd 14. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla virkrar hunsunar starfsmanna í kennslustofum.

Þegar lítið er á mynd 14 sést að starfsmenn beittu ekki virkri hunsun á nemendur í kennslustofum. Þýðir það að starfsmenn hafi ekki vísitandi hunsað óæskilega hegðun nemenda.




Mynd 15. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla virkarar hunsunar starfsmanna á almennum svæðum.

Mynd 15 sýnir að starfsmenn beittu virkri hunsun ekki mikið á almennum svæðum. Þó mældist virk hunsun í 7. mælingu og mældist hún þá í 5% bíla sem er mjög lítið.




Mynd 16. Hlutfall bila af skýrum og óskýrum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman í kennslustofum.

Þegar borin eru saman skýr og óskýr fyrirmæli sést á mynd 16 að starfsmenn notuðu miklu meira skýr fyrirmæli en óskýr. Að meðaltali gáfu starfsmenn skýr fyrirmæli í 62,5% bila og gáfu þeir skýr fyrirmæli í 15-100% tilfella. Óskýr fyrirmæli voru mjög lítið notuð og mældust þau ekki nema í 1% bila að meðaltali en fór hæst upp í 7,5% bila. Samkvæmt PBS á að gefa nemendum skýr fyrirmæli.




Mynd 17. Hlutfall bila af skýrum og óskýrum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman á almennum svæðum.

Á mynd 17 sést að á almennum svæðum voru fyrirmæli lítið notuð, hvort sem þau voru skýr eða óskýr. Starfsmenn voru greinilega lítið að tjá sig við nemendur t.d. á göngum eða í matsal. Aðeins meira var þó um notkun skýrra fyrirmæla en þau voru gefin í að meðaltali 1,97% bila en fóru mest upp í 11,25% í 10. mælingu. Óskýr fyrirmæli voru lítið sem ekkert notuð af starfsmönnum eða í 0,61% bila að meðaltali. Mest fór notkun óskýrra fyrirmæla upp í 6,25 bila%.




Mynd 18 . Hlutfall bila af jákvæðum og neikvæðum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman í kennslustofum.

Á mynd 18 sést að jákvæð fyrirmæli voru mun meira notuð af starfsmönnum í kennslustofum en neikvæð fyrirmæli eins og búast mátti við. Starfsmenn gáfu jákvæð fyrirmæli í að meðaltali 32,08% bila og voru þau gefin á bilinu 7,5-48,75% tilvika sem sýnir að alltaf voru gefin einhver jákvæð fyrirmæli. Mjög lítið var um að neikvæð fyrirmæli væru gefin en það kom aðeins fyrir í tveimur mælingum, 1. og 2. og þá í 1,25% bila í hvorri mælingu.




Mynd 19. Hlutfall bila af jákvæðum og neikvæðum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman á almennum svæðum.

Eins og sjá má á mynd 19 var lítið sem ekkert gefið af fyrirmælum á almennum svæðum hvort sem um var að ræða jákvæð eða neikvæð fyrirmæli hjá starfsmönnum. Þó gáfu starfsmenn aðeins meira af jákvæðum fyrirmælum eða í 1,18% bila að meðaltali á móti 0,28% bila að meðaltali af neikvæðum fyrirmælum.




Mynd 20. Samanburður á hlutfalli bíla þegar starfsmaður átti að vera á staðnum í kennslustofu og þegar starfsmaður átti að vera á staðnum á almennum svæðum.

Á mynd 20 kemur fram að það var oftár á almennum svæðum en í kennslustofu sem starfsmenn áttu að vera á staðnum en voru það ekki. Í kennslustofum var starfsmaður ekki á staðnum þegar hann átti að vera það í að meðaltali 3,67% bíla. Hlutfallið var mun hærra þegar þetta var mælt á almennum svæðum eða í 31,89% bíla að meðaltali. Starfsmaður var ekki á staðnum í 15 – 55% tilvika á almennum svæðum og eins og sjá má þá kom það fyrir í öllum mælingunum 15 að starfsmaður var ekki á svæðinu. Gengur það gegn aðferðum PBS að starfsmenn séu ekki á staðnum til að sinna eftirliti.




Mynd 21. Samanburður á hlutfalli bíla óæskilegrar hegðunar nemenda í kennslustofum og á almennum svæðum.

Á mynd 21 sést að óæskileg hegðun nemenda mældist nokkuð svipað í kennslustofum og á almennum svæðum. Meðaltal bíla óæskilegrar hegðunar í kennslustofum mældist 7% að meðaltali en 5,97% að meðaltali á almennum svæðum.



Mynd 22. 1., 2. og 3. stigs hegðunarfrávik nemenda í kennslustofum borin saman.

Á mynd 22 sést að 1. stigs hegðunarfrávik mældust í að meðaltali 7% bíla og fóru mest upp í 25%. Í kennslustofum mældust aldrei 2. og 3. stigs hegðunarfrávik nemenda.



Mynd 23. 1., 2. og 3. stigs hegðunarfrávik nemenda á almennum svæðum borin saman.

Mynd 23 sýnir að hegðunarfrávik voru frekar fátíð á almennum svæðum þó svo að í 7. mælingu sé nokkuð hátt hlutfall af 1. stigs hegðunarfrávikum. Þá mældust hegðunarfrávikin 30% en á heilda lítið mældust þau að meðaltali í 6,31% bíla. 2. stigs hegðunarfrávik mældust aðeins í 3. mælingu og komu þar einu sinni fram. 3. stigs hegðunarfrávik komu aldrei fram á meðan á mælingum stóð. Það er jákvætt að lítið sem ekkert hafi verið af alvarlegri hegðunarfrávikum.


Á töflu 1 sést að reglur voru alltaf sýnilegar í kennslustofum en nokkuð algengara var að það vantaði sýnilegar reglur á almennum svæðum.

Tafla 2. Hlutfall þess hvort að reglur voru sýnilegar eða ekki í kennslustofum og á almennum svæðum.

	Í kennslustofum	Á almennum svæðum
Reglur sýnilegar	100%	72,54%
Reglur ekki sýnilegar	0%	27,46%
Heildarhlutfall	100%	100%


Niðurstöður úr skóla tvö

Í skóla tvö hófust inngripsmælingar um vorið 2009. Þessar niðurstöður eru inngripsmælingar af unglingastigi sem teknar voru vorið 2010.



Mynd 24. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla jákvæðrar athygli frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.


Mynd 24 sýnir að æskileg hegðun var alltaf til staðar nema í tveimur mælingum en þar var hlutfallið 87,5 % í hvort skipti. Það má því segja að stærsti hluti nemendanna hafi sýnt æskilega hegðun í flestum tilfellum. Óæskileg hegðun mældist nokkuð há að meðaltali eða 17,67% og spannaði vítt bil eða 0-65% bíla. Í 1. og 7. mælingu mældist óæskileg hegðun nokkuð há sem þýðir að mikið hafi verið um að nemendur hafi ekki verið að gera það sem ætlast var til af þeim. Jákvæð athygli starfsmanna mældist í að meðaltali 50% bíla og mældist jákvæð athygli mest 97,5% og minnst 0%. Það sýnir að mjög misjafnt var hvort starfsmenn veittu nemendum mikla eða alls enga athygli.



Mynd 25. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila jákvæðrar athygli frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.


Hér, á mynd 25, er borið saman hlutfall æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda í samhengi við jákvæða athygli starfsmanna á almennum svæðum. Æskileg hegðun nemenda var ekki alltaf til staðar og í eitt skipti mældist æskileg hegðun ekki nema í að meðaltali 75% bila. Það segir að í 15% bila hafi enginn nemandi sýnt æskilega hegðun. Í heildina mældist æskileg hegðun í að meðaltali 97,33% bila.

Óæskileg hegðun kom að meðaltali fram í 5,97% bila en fór mest upp í 50% í 1. mælingu. Þá hefur í helmingi mælinga að minnsta kosti einhver nemandi sýnt óæskilega hegðun. Starfsmenn veittu nemendum jákvæða athygli í að meðaltali 29,03% bila og spannaði bilið 5-80,83%. Að veita nemendum jákvæða athygli í 5% tilvika telst mjög lítið.




Mynd 26. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila óviðeigandi hunsunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 26 sést að breytilegt var hversu mikið starfsmenn beittu óviðeigandi hunsun á hegðun nemenda í kennslustofum. Óviðeigandi hunsun var beitt að meðaltali í 16,67% bila og fór hæst upp í 70%. Þetta er nokkuð hátt hlutfall. Í 7. mælingu fylgir hátt hlutfall óviðeigandi hunsunar háu hlutfalli óæskilegrar hegðunar sem gefur til kynna að starfsmenn hafi ekki tekið á þeirri óæskilegu hegðun sem var í gangi.




Mynd 27. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla óviðeigandi hunsunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Fram kemur á mynd 27 að óviðeigandi hunsun starfsmanna var nokkur á almennum svæðum en þeir hunsuðu nemendur að meðaltali í 12,17% bíla. Hæst fór óviðeigandi hunsun upp í 30%. Óviðeigandi hunsun hefur að meðaltali hærra hlutfall heldur en óæskileg hegðun. Bendir það til þess að starfsmenn hafi hunsað æskilega hegðun nemenda, t.d. gengið framhjá þeim án þess að líta á þá eða hrósa þeim fyrir æskilega hegðun.




Mynd 28. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila óviðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Mynd 28 sýnir að starfsmenn beittu óviðeigandi hegningu í tveimur mælingum í kennslustofum, þ.e. í 1. mælingu og 5. mælingu. Í hvort skiptið mældist hún 2,5%. Samkvæmt aðferðum PBS ættu starfsmenn ekki að beita nemendum óviðeigandi hegningar.




Mynd 29. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila óviðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Mynd 29 sýnir að starfsmenn beittu óviðeigandi hegningu ekki mikið á nemendur á almennum svæðum. Þó kom fyrir að starfsmenn beittu óviðeigandi hegningu og það var í 3. mælingu og mældist hún þá 5%.




Mynd 30. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila rangrar umbunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 30 má sjá að starfsmenn umbunuðu nemendur aldrei ranglega í kennslustofum á meðan á mælingum stóð. Það er að segja umbunuðu þá aldrei fyrir óæskilega hegðun. Þó svo að hátt hlutfall óæskilegrar hegðunar nemenda hafi verið í gangi, t.d. í 7. mælingu.




Mynd 31. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla rangrar umbunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Mynd 31 sýnir að starfsmenn á almennum svæðum umbunuðu nemendur aldrei ranglega á meðan á mælingum stóð. Það er samkvæmt aðferðum PBS.




Mynd 32. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila leiðréttrar hegðunar (RED) frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 32 má sjá að starfsmenn leiðréttu óæskilega hegðun nemenda nánast aldrei í kennslustofum. Það gerðist aðeins í 1. mælingu og kom þá fram í 2,5% bila. Starfsmenn hefðu mátt leiðrétta hegðun í fleiri skipti, sérstaklega í mælingu 1, 2, 3, 5, 7, 9 og 10.




Mynd 33. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila leiðréttrar hegðunar (RED) frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Fram kemur á mynd 33 að starfsmenn á almennum svæðum leiðréttu óæskilega hegðun (RED) nemenda aldrei á meðan á mælingum stóð. Þó svo að óæskileg hegðun hefði verið umtalsverð, t.d. í 1. mælingu.




Mynd 34. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla viðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 34 má sjá að viðeigandi hegning starfsmanna var mun lægri en óæskileg hegðun og því ekki beitt sem skyldi. Starfsmenn beittu viðeigandi hegningu að meðaltali í 3,83% bíla en mældist mest 27,5%. Viðeigandi hegning ætti að vera hærri í 7. mælingu ef rétt hefði átt að vera.




Mynd 35. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila viðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Mynd 35 sýnir að viðeigandi hegningu var mjög lítið beitt af starfsmönnum á almennum svæðum. Sérstaklega í 1. mælingu þar sem óæskileg hegðun mældist í 50% bila þá var viðeigandi hegningu aldrei beitt. Spönn viðeigandi hegningar var frá 0 til 1,67% og beittu starfsmenn henni í að meðaltali 0,64% bila á meðan óæskileg hegðun kom fram að meðaltali í 5,97% bila.




Mynd 36. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila virkrar hunsunar starfsmanna í kennslustofum.

Á mynd 36 sést að starfsmenn voru mjög lítið að beita virkri hunsun á nemendur. Virk hunsun kom aðeins fram í 2. mælingu og mældist þá 5% í kennslustofum.




Mynd 37. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla virkrar hunsunar starfsmanna á almennum svæðum.

Fram kemur á mynd 37 að starfsmenn á almennum svæðum beittu aldrei virkri hunsun á nemendur á meðan á mælingum stóð.




Mynd 38. Hlutfall bila af skýrum og óskýrum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman í kennslustofum.

Mynd 38 sýnir að starfsmenn gáfu mun meira af skýrum fyrirmælum í kennslustofum heldur en óskýrum fyrirmælum eins og við mátti búast. Það var mjög misjafnt hversu mikil fyrirmæli voru gefin í kennslustofum. Starfsmenn gáfu skýr fyrirmæli mest í 1. mælingu en þá voru þau gefin í 97,5% bila sem er mjög mikið. Síðan kom það líka fyrir að engin skýr fyrirmæli voru gefin allan þann tíma sem mæling stóð yfir. Skýr fyrirmæli voru gefin í að meðaltali 39,33% bila. Aftur á móti var meðaltal yfir óskýr fyrirmæli starfsmanna ekki nema 1,33%. Mest var gefið af óskýrum fyrirmælum í 7. mælingu, þá í 10% bila.




Mynd 39. Hlutfall bila af skýrum og óskýrum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman á almennum svæðum.

Eins og sjá má á mynd 39 var miklu minna um það að starfsmenn gáfu fyrirmæli á almennum svæðum, hvort sem þau voru skýr eða óskýr. Starfsmenn voru þó duglegri að gefa skýr fyrirmæli en þau mældust í að meðaltali 1,97% bila en þetta hlutfall er þó nokkuð lágt. Starfsmenn á almennum svæðum gáfu aldrei óskýr fyrirmæli á meðan á mælingum stóð. Samkvæmt PBS ættu starfsmenn að vera duglegri við að gefa nemendum skýr fyrirmæli á almennum svæðum.




Mynd 40. Hlutfall bila af jákvæðum og neikvæðum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman í kennslustofum.

Mynd 40 sýnir að starfsmenn gáfu mun meira af jákvæðum fyrirmælum heldur en neikvæðum fyrirmælum í kennslustofum. Það var mjög misjafnt hversu mikið af fyrirmælum voru gefin í kennslustofum. Starfsmenn gáfu jákvæð fyrirmæli í að meðaltali 20,07% bila og voru mest gefin fyrirmæli í 47,5% bila. Starfsmenn gáfu lítil sem engin neikvæð fyrirmæli en þau komu aðeins fram í 1. og 7. mælingu og mældust þá að meðaltali undir 1%.




Mynd 41. Hlutfall bila af jákvæðum og neikvæðum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman á almennum svæðum.

Á mynd 41 má sjá að starfsmenn notuðu lítið af fyrirmælum á almennum svæðum. Gefur það til kynna að þeir hafi meira verið að fylgjast með hegðun nemenda heldur en að gefa fyrirmæli. Starfsmenn gáfu jákvæð fyrirmæli aðeins í 1% bila að meðaltali en oftast kom fyrir að starfsmenn gáfu engin fyrirmæli. Hæst komu fyrirmælin fram í 2,5% bila að meðaltali á almennum svæðum.




Mynd 42. Samanburður á hlutfalli þess þegar að starfsmaður átti að vera á staðnum í kennslustofu og þegar starfsmaður átti að vera á staðnum á almennum svæðum.

Á mynd 42 kemur fram að meira var um að starfsmenn á almennum svæðum voru ekki á staðnum þegar þeir áttu að vera það heldur en starfsmenn í kennslustofum. Á almennum svæðum var starfsmaður ekki á staðnum þegar hann átti að vera það í að meðaltali 20,19% bíla. Mest fór hlutfallið þó upp í 55% sem er mjög hátt. Það má því segja að starfsmaður hafi ekki verið á staðnum helminginn af þeim tíma sem mælt var. Í kennslustofum var starfsmaður ekki á staðnum þegar hann átti að vera það að meðaltali í 2,83% bíla. Það er miklu minna hlutfall heldur en kom fram á almennum svæðum. Hæst fór hlutfallið upp í 27,5% í kennslustofum og er það nokkuð hátt hlutfall.




Mynd 43. Samanburður á hlutfalli bíla óæskilegrar hegðunar nemenda í kennslustofum og á almennum svæðum.

Á mynd 43 sést að óæskileg hegðun nemenda í kennslustofum var mun meiri en óæskileg hegðun nemenda á almennum svæðum. Óæskileg hegðun nemenda í kennslustofum fór mest upp í 65% og er það nokkuð hátt hlutfall. Að meðaltali sýndu nemendur óæskilega hegðun í 17,67% bíla. Aftur á móti var óæskileg hegðun á almennum svæðum svolítið minni. Óæskileg hegðun fór þó upp í 50% í 1. mælingu og sýndu nemendur óæskilega hegðun í meðaltali í 5,97% bíla.



Mynd 44. 1., 2. og 3. stigs hegðunarfrávik nemenda í kennslustofum borin saman.

Á mynd 44 sést að nemendur sýndu ekki 2. og 3. stigs hegðunarfrávik í kennslustofum á meðan á mælingum stóð. Það var þó nokkuð um að nemendur sýndu 1. stigs hegðunarfrávik sem eru minniháttar óæskileg hegðun. 1. stigs hegðunarfrávik mældust að meðaltali í 18,17% bila. Hæst komu hegðunarfrávikin fram í 65% bila sem er nokkuð hátt hlutfall.



Mynd 45. Hlutfall bila á 1., 2. og 3. stigs hegðunarfrávikum nemenda á almennum svæðum borið saman.

Fram kemur á mynd 45 að nemendur voru ekki að sýna 2. og 3. stigs hegðunarfrávik á meðan á mælingum stóð á almennum svæðum. 1. stigs hegðunarfrávik nemenda, sem eru minniháttar, komu einungis fram í að meðaltali 5,97% bila. Mest komu hegðunarfrávik fram í 50% bila sem er nokkuð hátt hlutfall.


Á töflu 3 sést að reglur voru alltaf sýnilegar í kennslustofum í skóla tvö en aðeins vantaði upp á að þær væru sýnilegar á almennum svæðum, t.d. á göngum og útisvæðum.

Tafla 3. Hlutfall þess hvort reglur voru sýnilegar eða ekki í kennslustofum og á almennum svæðum.

	Í kennslustofum	Á almennum svæðum
Reglur sýnilegar	100%	82%
Reglur ekki sýnilegar	0%	18%
Heildarhlutfall	100%	100%


Niðurstöður úr skóla þrjú

Um vor 2009 hófust inngrípsmælingar í skóla þrjú. Þessar niðurstöður eru inngrípsmælingar sem gerðar voru um vorið 2010 á unglíngastigi.




Mynd 46. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla jákvæðrar athygli frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 46 sést að nemendur sýndu æskilega hegðun í öllum 15 mælingunum, í hverju einasta bili. Óæskileg hegðun nemenda var þó til staðar. Nemendur sýndu óæskilega hegðun í að meðaltali 8,83% bíla en mest fór óæskileg hegðun upp í 72,5%, sem er mjög hátt hlutfall. Þegar jákvæð athygli starfsmanna var skoðuð í samanburði við æskilega og óæskilega hegðun nemenda má sjá að mjög misjafnt var hvort starfsmenn veittu nemendum mikla eða litla athygli. Jákvæð athygli starfsmanna mældist að meðaltali í 55,67% bíla og var á bilinu 30-100%. Þegar jákvæð athygli starfsmanna fór upp í 100% þýðir það að þeir fylgdust með nemendum allan tímann sem mælt var og er það mjög jákvætt.




Mynd 47. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla jákvæðrar athygli frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Á mynd 47 sést að það vantaði alfarið mælingar af 12. degi úr skóla þrjú, þannig að öll línurit úr skóla þrjú af almennum svæðum munu vanta mælingu 12. Þetta var mæling sem var tekin eftir hádegi og nemendur fengu að fara snemma heim og því náði mælingamaður ekki á þeim þegar þau fóru út og heim. Þar með eru mælingar einungis 14 í heildina fyrir almenn svæði. Annars má sjá að æskileg hegðun nemenda var alltaf til staðar í mælingunum 14. Lítið var um óæskilega hegðun nemenda en hún mældist að meðaltali í 7,17% bíla og kom óæskileg hegðun mest fram í 15% bíla. Þegar jákvæð athygli starfsmanna var borin saman við æskilega og óæskilega hegðun nemenda má sjá að jákvæð athygli var ekki mikil. Hún mældist að meðaltali í 23,54% bíla og var á bilinu 5-50%.




Mynd 48. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla óviðeigandi hunsunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Fram kemur á mynd 48 að óviðeigandi hunsun starfsmanna í kennslustofum var ekki mikil. Hún mældist að meðaltali í 6,17% bíla og mældist óviðeigandi hunsun í kennslustofum hæst 25%. Bendir það til þess að kennarar hafi hunsað æskilega og óæskilega hegðun nemenda.




Mynd 49. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila óviðeigandi hunsunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Á mynd 49 sést að starfsmenn á almennum svæðum hunsuðu nemendur á óviðeigandi hátt lítillega. Það var helst í mælingu 11. sem það gerðist, en þá mældist óviðeigandi hunsun 42,5%. Meðaltal óviðeigandi hunsunar starfsmanna mældist 9,49%.




Mynd 50. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla óviðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Mynd 50 sýnir að starfsmenn í kennslustofum beittu nemendur sína aldrei óviðeigandi hegningar á meðan á mælingum stóð og er það í samræmi við aðferðir PBS.




Mynd 51. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila óviðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Mynd 51 sýnir að óviðeigandi hegningu var ekki beitt af starfsmönnum á almennum svæðum á meðan á mælingum stóð.




Mynd 52. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila rangrar umbunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Glögglega má sjá á mynd 52 að starfsmenn umbunuðu nemendum aldrei ranglega í kennslustofum á meðan á mælingum stóð. Það er að þeir hafi ekki umbunað nemendum fyrir óæskilega hegðun.




Mynd 53. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla rangrar umbunar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Mynd 53 sýnir að starfsmenn á almennum svæðum umbunuðu nemendum ranglega, þó sjaldan hafi verið. Röng umbun starfsmanna kom tvisvar sinnum fram á almennum svæðum, þ.e. í 6. og 8. mælingu. Hlutfall sem starfsmenn umbunuðu nemendur ranglega var mest 2,5%.




Mynd 54. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla leiðréttrar hegðunar (RED) frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Á mynd 54 sést að starfsmenn leiðréttu óæskilega hegðun (RED) nemenda aldrei í kennslustofum þrátt fyrir hátt hlutfall óæskilegrar hegðunar t.d. í 11. mælingu.




Mynd 55. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla leiðréttrar hegðunar (RED) frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Sjá má á mynd 55 að starfsmenn leiðréttu aldrei óæskilega hegðun (RED) nemenda á almennum svæðum á meðan á mælingum stóð. Stafsmenn hefðu mátt standa sig betur hér.




Mynd 56. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla viðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum í kennslustofum.

Mynd 56 sýnir að lítið var um að starfsmenn beittu nemendur viðeigandi hegningar í kennslustofum en viðeigandi hegning kom fram að meðaltali í 1,33% bíla og fór mest upp í 7,5%. Þetta eru of lágar tölur, t.d. í 11. mælingu þar sem mikið var um óæskilega hegðun.




Mynd 57. Hlutfall bila æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bila viðeigandi hegningar frá kennurum og öðrum starfsmönnum á almennum svæðum.

Á mynd 57 má sjá að starfsmenn beittu viðeigandi hegningu ekki mikið á almennum svæðum. Það kom þó fyrir en viðeigandi hegningu var beitt að meðaltali í 0,77% bila eða á bilinu 0-3,75%.




Mynd 58. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla virkrar hunsunar starfsmanna í kennslustofum.

Eins og sjá má á mynd 58 beittu starfsmenn aldrei virkri hunsun á óæskilega hegðun nemenda í kennslustofum.




Mynd 59. Hlutfall bíla æskilegrar og óæskilegrar hegðunar nemenda borið saman við hlutfall bíla virkrar hunsunar starfsmanna á almennum svæðum.

Á mynd 59 sést að starfsmenn beittu ekki virkri hunsun á óæskilega hegðun nemenda á almennum svæðum á meðan á mælingum stóð.




Mynd 60. Hlutfall bila af skýrum og óskýrum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman í kennslustofum.

Á mynd 60 sést að starfsmenn voru miklu duglegri við að gefa skýr fyrirmæli heldur en óskýr fyrirmæli í kennslustofum. Starfsmenn gáfu skýr fyrirmæli í að meðaltali 52,83% bila en það var mjög misjafnt hversu mikið var gefið af fyrirmælum. Það fór úr því að gefa aldrei fyrirmæli í að gefa fyrirmæli í hverju einasta bili. Starfsmenn notuðu lítið sem ekkert af óskýrum fyrirmælum, þau voru ekki gefin nema í að meðaltali 1,33% bila, og í einni mælingunni voru óskýr fyrirmæli gefin í 7,5% bila.




Mynd 61. Hlutfall bíla af skýrum og óskýrum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman á almennum svæðum.

Á mynd 61 sést að starfsmenn gáfu frekar skýr fyrirmæli heldur en óskýr fyrirmæli á almennum svæðum. Fyrirmæli voru þó ekki mörg á þessum svæðum. Starfsmenn gáfu skýr fyrirmæli í að meðaltali 5,92% bíla en hæst voru þau gefin í 25% bíla. Mjög lítið var gefið af óskýrum fyrirmælum en þau mældust í að meðaltali 0,8% bíla. Í 1. mælingu gáfu starfsmenn óskýr fyrirmæli í 5% bíla og var það hæsta hlutfall sem mældist.




Mynd 62. Hlutfall bila af jákvæðum og neikvæðum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman í kennslustofum.

Eins og sjá má á mynd 62 gáfu starfsmenn miklu meira af jákvæðum fyrirmælum heldur en neikvæðum fyrirmælum í kennslustofum. Þó var mjög misjafnt hversu mikið af fyrirmælum voru gefin. Jákvæð fyrirmæli voru gefin í að meðaltali 24,25% bila. Stundum voru engin jákvæð fyrirmæli gefin en mest var gefið af jákvæðum fyrirmælum í 2. og 5. mælingu en þá var hlutfallið 50%. Lítið sem ekkert var gefið af neikvæðum fyrirmælum. Aðeins voru gefin neikvæð fyrirmæli í einni mælingu og mældust þá 1,25%.




Mynd 63. Hlutfall bila af jákvæðum og neikvæðum fyrirmælum (spurning, fyrirmæli eða bending frá kennara eða öðrum starfsmönnum) borið saman á almennum svæðum.

Mynd 63 sýnir að starfsmenn notuðu meira af jákvæðum fyrirmælum heldur en neikvæðum fyrirmælum á almennum svæðum. Þó virðast starfsmenn gefa miklu minna af fyrirmælum á almennum svæðum heldur en í kennslustofum. Jákvæð fyrirmæli mældust í að meðaltali 3,19% bila og voru á bilinu 0-12,5%. Neikvæð fyrirmæli voru mjög lítið notuð af starfsmönnum eins og meðaltalið gefur til kynna, eða í 0,21% bila.




Mynd 64. Samanburður á hlutfalli bíla þegar að starfsmaður átti að vera á staðnum í kennslustofum og þegar starfsmaður átti að vera á staðnum á almennum svæðum.

Á mynd 64 kemur fram að meira var um að starfsmaður væri ekki á staðnum þegar hann átti að vera það á almennum svæðum en í kennslustofum. Á almennum svæðum var starfsmaður ekki á staðnum þegar hann átti að vera það að meðaltali í 35,45% bíla og fór mest upp í 63,75%, sem er mjög hátt hlutfall. Í kennslustofum var starfsmaður ekki á staðnum þegar hann átti að vera það að meðaltali í 5,17% bíla en þar fór hlutfallið hæst upp í 35%. Starfsmenn á almennum svæðum þurfa að leggja sig betur fram hér.




Mynd 65. Samanburður á hlutfalli bíla óæskilegrar hegðunar nemenda í kennslustofum og á almennum svæðum.

Á mynd 65 kemur fram að ekki var mikill munur á meðaltali óæskilegrar hegðunar í kennslustofum og á almennum svæðum, þó svo að myndin virðist sýna mun meiri óæskilega hegðun í kennslustofum. Óæskileg hegðun mældist að meðaltali í 8,83% bíla í kennslustofum. Hún fór mest upp í 72,5% sem er mjög hátt hlutfall og skeykir myndina dálítið. Óæskileg hegðun á almennum svæðum mældist aðeins minni að meðaltali eða í 7,17% bíla. Mest fór hún þó aðeins upp í 15%.



Mynd 66. 1., 2. og 3. stigs hegðunarfrávik nemenda í kennslustofum borin saman.

Á mynd 66 sést að hegðunarfrávik nemenda voru frekar fátíð inni í kennslustofum fyrir utan 11. mælingu. 1. stigs hegðunarfrávik komu fram hjá nemendum að meðaltali í 8,83% bíla og mældust hæst 72,5%, sem er mjög hátt hlutfall. 2. stigs og 3. stigs hegðunarfrávik mældust aldrei hjá nemendum. Svo virðist sem um minniháttar hegðunarvanda sé að ræða.



Mynd 67. 1., 2. og 3. stigs hegðunarfrávik nemenda á almennum svæðum borin saman.

Mynd 67 sýnir að hegðunarfrávik nemenda voru frekar fátíð á almennum svæðum. 1. stigs hegðunarfrávik komu að meðaltali fram í 7,05% bíla. Mest mældust 1. stigs hegðunarfrávik 15%. Svo komu 2. stigs hegðunarfrávik aftur á móti aðeins fram í 7. mælingu og mældust þá 1,67%. Alvarlegustu hegðunarfrávikin, 3. stigs, komu ekki fram hjá nemendum á almennum svæðum.

Á töflu 4 sést að nokkuð vantaði uppá í skóla þrjú að reglur væru sýnilegar bæði í kennslustofum og á almennum svæðum.

Tafla 4. Hlutfall þess hvort að reglur voru sýnilegar eða ekki í kennslustofum og á almennum svæðum.

	Í kennslustofum	Á almennum svæðum
Reglur sýnilegar	86,67%	65,31%
Reglur ekki sýnilegar	13,33%	34,69%
Heildarhlutfall	100%	100%

Umræða

Þessi rannsókn er hluti af stórrí langtíma rannsókn á áhrifum PBS í þremur grunnskólum í Reykjanesbæ. Rannsókn þessari var ætlað að lýsa þeim niðurstöðum sem fengust úr inngrípsmælingum á vorönn 2010.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að á heildina litið unnu starfsmenn að einhverju leiti eftir aðferðum PBS í öllum skólunum. Sumir starfsmenn virtust nýta kerfið til fulls á meðan aðrir fylgdu því ekki nógu vel eftir. Starfsmenn fylgdu aðferðum PBS meira eftir í kennslustofum en á almennum svæðum. Þegar niðurstöður milli skóla voru bornar saman kom í ljós að lítil var munur á því eftir skólum hvort aðferðum PBS var framfylgt eður ei.

Æskileg hegðun nemenda var nánast alltaf til staðar, sama hvar mælt var og átti það við um alla skólana þrjá. Það var helst á almennum svæðum sem kom fyrir að enginn nemandi sýndi æskilega hegðun. Má ætla að það hafi verið vegna þess að fáir nemendur hafi verið á því svæði sem var verið að mæla á, t.d. ef aðeins tveir nemendur hefðu verið á þeim gangi sem verið var að mæla og þeir hefðu báðir hlaupið um ganginn, þá er aðeins óæskileg hegðun í gangi. Þegar æskileg hegðun á almennum svæðum er borin saman við síðustu mælingar sem María Björk Birkisdóttir (2010) tók saman kom í ljós örlítil afturför. Að meðaltali var hlutfall æskilegrar hegðunar lægst í skóla tvö í þessum mælingum og fór það þá niður í 97,33% bila á almennum svæðum. Í ritgerð Maríu Bjarkar kom fram að æskileg hegðun hefði verið 100% í öllum skólum á almennum svæðum.

Óæskileg hegðun nemenda var áberandi mest í skóla tvö þar sem hún mældist að meðaltali í um 18% bila í kennslustofum. Var það um 10% hærra hlutfall heldur en í hinum skólunum. Tíðni óæskilegrar hegðunar nemenda var svipað milli skóla þegar almenn svæði voru mæld, eða um 6% að meðaltali. Það mældist því meiri óæskileg hegðun nemenda inni í kennslustofum heldur en á almennum svæðum. Þegar tölur Maríu Bjarkar Birkisdóttur (2010) voru skoðaðar mátti sjá að óæskileg hegðun nemenda hafði minnkað töluvert í kennslustofum. Sem dæmi má nefna að óæskileg hegðun nemenda minnkaði um 17% í skóla eitt frá síðustu mælingum og þó að skóli tvö hafi mælst hæstur með óæskilega hegðun í kennslustofum, þá minnkaði hlutfallið samt um 14% frá síðustu mælingum. Á almennum svæðum virtist óæskileg hegðun nemenda einnig hafa minnkað.

Starfsmenn sýndu yfirleitt jákvætt viðhorf gagnvart mælingamönnum þó greinilegt væri að sumir vissu ekki hvað var að gerast þegar mælingamenn mættu í kennslustofur. Kennarar stóðu sig almennt verr í að framfylgja aðferðum PBS sé miðað við fyrri mælingar. Kennarar hefðu mátt standa sig betur í því að veita nemendum jákvæða athygli bæði í kennslustofum og

á almennum svæðum. Allir skólar mældust með svipað hlutfall, kennarar veittu nemendum jákvæða athygli í um 55% bila að meðaltali í kennslustofum og í um 25% bila á almennum svæðum. Frá síðustu mælingum virðist vera sem jákvæð athygli kennara hafi minnkað til muna. Jákvæð athygli starfsmanna mældist síðast um 22% hærrí þá heldur en nú í kennslustofum (María Björk Birkisdóttir, 2010). Svipaða sögu má segja af almennum svæðum þó að munurinn hafi ekki verið jafn mikill. Þessar niðurstöður gefa til kynna að skerpa þurfi á þjálfun kennara þar sem þeim hefur hreinlega farið aftur miðað við niðurstöður.

Vert er að hafa í huga að allt eftirlit starfsmanna var skráð sem jákvæð athygli. Hvort sem starfsmaður leit á nemanda eða umbunaði honum fyrir æskilega hegðun þá var það skráð sem jákvæð athygli. Það hefði mátt gera meiri greinarmun þarna á því trúlega er virkni þessara umbuna ekki sú sama.

Óviðeigandi hunsun starfsmanna var áberandi mest í kennslustofum í skóla tvö. Þar mældist hún um 17% að meðaltali og er það um 10% hærra heldur en í hinum skólunum. Á almennum svæðum mældist óviðeigandi hunsun svipað milli skóla eða um 11% að meðaltali. Þetta eru svipaðar tölur og frá síðustu mælingum en þó mætti færa rök fyrir því að starfsmenn noti óviðeigangi hunsun örlítið meira en í fyrri mælingum (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Mjög lítið var um að starfsmenn sýndu röng viðbrögð við hegðun nemenda önnur heldur en óviðeigandi hunsun. Starfsmenn beittu t.d. óviðeigandi hegningu svo til aldrei. Nemendur voru aldrei umbunaðir fyrir óæskilega hegðun í kennslustofum og einungis einu sinni á almennum svæðum. Samkvæmt PBS ættu starfsmenn aldrei að beita nemendur sína óviðeigandi hegningar eða umbuna þeim fyrir óæskilega hegðun. Að þessu leyti eru starfsmenn að vinna vel eftir aðferðum PBS.

Starfsmenn voru aftur á móti ekki duglegir að leiðrétta óæskilega hegðun nemenda, það hefði verið gaman að sjá hærrí tölur í þeim efnum. Í kennslustofum í skóla eitt og þrjú var þessi aðferð aldrei notuð en aðeins í 0,17% tilvika í skóla tvö. Á almennum svæðum var óæskileg hegðun aldrei leiðrétta í neinum skóla. Þessar niðurstöður er örlítil afturför frá síðustu mælingum því að þá virtust kennarar leiðrétta óæskilega hegðun nemenda örlítið (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Starfsmenn í öllum skólum hefðu mátt beita viðeigandi hegningu meira. Viðeigandi hegningu var aðeins beitt í um 3% tilvika í kennslustofum allra skóla. Eðlilegra væri að það hlutfall væri hærra þar sem t.d. óæskileg hegðun í skóla tvö var um 18%. Á almennu svæðunum var heldur ekki beitt nægilegrar viðeigandi hegningar. Í öllum skólum var hlutfallið undir 1%. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við fyrri mælingar kom í ljós

að starfsmenn hafa ekki bætt sig í að beita viðeigandi hegningu á óæskilega hegðun (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Starfsmenn beittu ekki svo til aldrei virkri hunsun á óæskilega hegðun nemenda. Með því er átt að þeir hafi vísvitandi veitt óæskilegri hegðun nemenda enga athygli.

Þegar borið var saman hlutfall jákvæðra og neikvæðra fyrirmæla kom í ljós að starfsmenn notuðu hærra hlutfall af jákvæðum fyrirmælum. Í skóla eitt var mest gefið af jákvæðum fyrirmælum í kennslustofum eða í um 33% tilvika að meðaltali. Neikvæð fyrirmæli voru gefin í undir 1% og eru þetta góðar niðurstöður. Niðurstöður sýna að minna hafi verið gefið af neikvæðum fyrirmælum heldur en úr síðustu mælingum og er það jákvætt (María Björk Birkisdóttir, 2010). Á almennum svæðum var nemendum gefið alltof lítið af fyrirmælum yfir höfuð. Jákvæð fyrirmæli voru aðeins gefin í um 2% tilvika og neikvæð fyrirmæli undir 0,5% tilvika að meðaltali. Á það við alla skólana. Það eru svipaðar tölur og frá síðustu mælingum (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Skýr fyrirmæli voru mun oftast gefin heldur en óskýr fyrirmæli almennt en þær niðurstöður eru í samræmi við aðferðir PBS að mikilvægt sé að nemendum séu gefin skýr fyrirmæli. Mest var gefið af skýrum fyrirmælum í kennslustofum í skóla eitt eða í um 63% tilvika að meðaltali. Mælingar úr skóla tvö komu verst út en þó voru skýr fyrirmæli gefin í um 40% tilvika að meðaltali í kennslustofum. Óskýr fyrirmæli voru aðeins gefin í um 1% tilvika að meðaltali í kennslustofum allra skólanna. Þessar niðurstöður sýna stórbættan árangur starfsmanna í að gefa skýr fyrirmæli frá síðustu mælingum. Þar voru skýr fyrirmæli mest gefin í 35,2% tilvika í skóla eitt og minnst í skóla tvö eða 16,7% (María Björk Birkisdóttir, 2010). Á almennum svæðum var yfirhöfuð of lítið gefið af fyrirmælum. Mest var þó gefið af skýrum fyrirmælum á almennum svæðum í skóla þrjú eða í um 6% tilvika að meðaltali. Í hinum skólunum voru skýr fyrirmæli gefin í um 2% tilvika að meðaltali. Óskýr fyrirmæli voru lítið sem ekkert notuð. Þetta eru svipaðar niðurstöður og frá síðustu mælingum (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Viðvera starfsmanna var nokkuð góð í kennslustofum en mjög slök á almennum svæðum. Starfsmenn í öllum skólum voru í um 3,5% tilvika ekki í kennslustofunni þegar þeir áttu að vera það. Á almennum svæðum var hlutfallið töluvert hærra en þó mismikið eftir skólum. Í skóla þrjú kom það fyrir í um 35% tilvika að starfsmenn voru ekki á staðnum þegar þeir áttu að vera það (23,5% í síðustu mælingum). Það gerðist í um 32% tilvika í skóla eitt (28% í síðustu mælingum) og um 20% tilvika í skóla tvö (23% í síðustu mælingum). Þessar niðurstöður eru því svipaðar frá síðustu mælingum (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Þegar skoðuð voru hversu alvarleg hegðunarfrávik nemenda voru var ánægjulegt að sjá að í öllum tilfellum þar sem kom fram óæskileg hegðun, með einni undantekningu, var um 1. stigs hegðunarfrávik að ræða. 3. stigs hegðunarfrávik komu aldrei fram, hvort sem var í kennslustofum eða á almennum svæðum. 1. stigs hegðunarfrávik mældust hæst 72% í einni mælingunni sem er mjög hátt hlutfall. Á sama tíma var óviðeigandi hunsum há og viðeigandi hegningu ekki beitt. Slíkt samræmist ekki aðferðum PBS.

Samkvæmt PBS er mikilvægt að reglur séu sjáanlegar. Reglur voru mun sýnilegri í kennslustofum heldur en á almennum svæðum í öllum skólunum. Gæti það stafað af því að í kennslustofum voru þær auðsjáanlegri þar sem mælingamenn sjá alla veggja stofunnar en meira sé um króka og kima á almennum svæðum. Það var helst að vantaði upp á sýnileika reglnanna í skóla þrjú. Allir skólar virðast þó hafa gert átak í að gera reglurnar sýnilegri í kennslustofum miðað við síðustu mælingar. Reglur á almennum svæðum mældust aftur á móti sýnilegri í síðustu mælingum heldur en nú (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Eins og áður segir hafa ýmsir þættir starfsmanna batnað til muna en nauðsynlegt að bæta aðra. Óæskileg hegðun hefur minnkað og starfsmenn duglegir að gefa nemendum skýr fyrirmæli. Sérstaklega þarf þó að bæta viðveru starfsmanna á almennum svæðum og starfsmenn þurfa að auka jákvæð samskipti við nemendur. Það þyrfti einnig að taka á viðbrögðum starfsmanna við óæskilegri hegðun þar sem mikið er um óviðeigandi hunsun, viðeigandi hegningu er ekki beitt og óæskileg hegðun ekki leiðrétt í nógu miklu mæli. Það má áætla að viðvera mælingamanna hafi að einhverju leiti haft áhrif á hegðun nemenda og vinnubrögð starfsmanna en þó ekki umtalsverð. Áhrif viðverunnar hafi sennilega minnkað eftir því sem leið á rannsóknina.

Hafa ber í huga að flestar erlendar rannsóknir á árangri PBS eru gerðar með óbeinum mælingum. Helstu niðurstöður þeirra rannsókna eru á þá leið að með aukinni jákvæðri athygli starfsmanna má sjá aukningu í æskilegri hegðun nemenda. Mælitækin í þessum rannsóknum eru oftast spurningalistar og minni hegðunarvandi er oft metinn útfrá vísunum til skólustjóra. Þessar rannsóknir sýna því góðan árangur PBS en hafa ber í huga þær takmarkanir sem fylgja því að nota óbeinar mælingar. Svörun spurningalista getur t.d. verið huglægt mat svarenda á aðstæðum en ekki það sem raunverulega átti sér stað. Beinar mælingar, eins og notaðar voru í þessari rannsókn, eru aftur á móti réttmætari mælingar þar sem hvert hugtak/hegðun er vel skilgreint/aðgerðabundið og þjálfaðir matsmenn fylgjast með hegðuninni sjálfri í raunverulegum aðstæðum.

Þessi rannsókn átti það sameiginlegt með erlendum rannsóknum að eftir innleiðingu PBS voru starfsmenn duglegri við að veita nemendum jákvæða athygli og hegðunarvandi

minnkaði. Í erlendum rannsóknum var þó ekki gerður greinarmunur milli kennslustofa og almennra svæða en í þessari rannsókn kom fram munur á árangri starfsmanna eftir því á hvaða svæði var mælt. Meira að segja virtist vera munur á tíðni óæskilegrar hegðunar nemenda eftir því hvaða staðsetningu á almennum svæðum var um að ræða. Nákvæmari skráning myndi varpa skýrara ljósi á þetta mál.

Niðurstöður þessarar rannsóknar bentu til að kennarar og aðrir starfsmenn hafi ekki nýtt sér alla þætti PBS kerfisins. Þar má nefna þætti eins og leiðréttingu óæskilegrar hegðunar (RED), viðeigandi hegningu og virka hunsun. Erlendar rannsóknir virðast ekki leggja mikla áherslu á virkni þessara þátta milli þeirra svæða sem mælt var á.

Velta má fyrir sér hvort mismikinn árangur PBS megi í flestum tilvikum skýra með því að aðrar mælingar eru notaðar en einnig mætti velta fyrir sér hvort hann gæti stafað af menningarmun, mismiklum fjármunum og tíma sé varið í kennslu og þjálfun kennara eða að beint áhorf sé að hafa mikil áhrif.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þó í samræmi við aðrar niðurstöður sem hafa fengist hér á landi og eru einnig hluti af þessu langtíma verkefni (María Björk Birkisdóttir, 2010).

Túlkun á niðurstöðum þessara mælinga einum og sér ætti því að varast. Stórt úrtak og margir mælingadagar styðja þó trúverðugleika niðurstaðna. Áreiðanleikamælingar voru gerðar í um 30% tilvika eins og reglur gera ráð fyrir. Samræmistölur voru yfir heildina litið góðar. Oft var fullt samræmi milli mælingamanns og áreiðanleikamælingamanns en erfiðast virtist vera að mæla samræmi í jákvæðri athygli starfsmanna til nemenda. Þar fór samræmið lægst niður í 73,33%, en yfir heildina var samræmi yfir jákvæða athygli starfsmanna 88,33%.

Áhugavert verður að sjá hvort að starfsmenn þessara skóla muni í framtíðinni fara að tileinka sér aðferðir PBS enn betur en nú er gert. Þar sem samanburður milli mælinga sýndi afturför í einhverjum tilfellum er spurning hvort þurfi að þjálfa kennara meira eða oftari þannig að þeir séu minntir á aðferðirnar reglulega. Þó hefur orðið breyting til batnaðar í mörgum þáttum en alltaf má gera betur.

Áframhaldandi rannsóknir á áhrifum og árangri PBS á Íslandi eru mikilvægar. Áhugavert væri að skoða áhrif aðferða PBS með því að bera saman niðurstöður skólanna þar sem tekið er tillit til þess að innleiðing PBS hófst á mismunandi tímum í skólunum þremur. Þannig mætti skera úr um hvort munurinn á mælingum sem kemur fram á milli skóla sé marktækur. Einnig væri hægt að leggja áherslu á að skoða einstaka bekkir og sjá hvort að hegðunarmynstur hjá þeim fari batnandi eftir því sem þau eru lengur í umhverfi þar sem aðferðir PBS eru notaðar. Síðan er hugmynd að mæla árangur aðferða PBS með vísunum nemenda til skólastjóra, eins og algengt er í erlendum rannsóknum (Luiselli o.fl., 2002).

Heimildaskrá

- Anna María Frímansdóttir (2006). *Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar: SMT skólaferni*. Sótt 16. apríl 2011 af http://hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/pmt/samantekt_umsokn_styrkir.pdf.
- Carr, E. G., Dunlap, G., Horner, R. H., Koegel, R. L., Turnbull, A. P., Sailor, W. o.fl. (2002). Positive behavior support: Evolution of an applied science. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 4 (1), 4-16.
- Clarke, S., Worcester, J., Dunlap, G., Murray, M. og Bradley-Klug, K. (2002). Using multiple measures to evaluate positive behavior support: A case example. *Journal of Positive Interventions*. 4 (3), 131-145.
- Crone, D. A. og Horner, R. H. (2003). *Building Positive Behavior Support Systems*. New York, NY: The Guilford Press.
- Durand, V. M. og Koegel, R. L. (2011). What's inside – highlights from this issue. *Journal of Positive Interventions*, 13 (2), 67-68.
- Gylfi Jón Gylfason (2005). SOS – Hjálp fyrir Foreldra – Að breyta uppeldi í heilum landshluta. Jón Grétar Sigurjónsson, Jara Kristina Thomasdóttir og Páll Jakob Líndal (Ritsstj.), *Hvar er hún nú? Arfleifð atferlisstefnunnar á 21. öld* (bls 245-265). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006). „*Gullkista við enda regnbogans*“: *Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Luiselli, J. K., Putnam, R. F. og Sunderland, M. (2002). Longitudinal evaluation of behavior support intervention in a public middle school. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 4 (3), 182-188.
- María Björk Birkisdóttir. (2010). *Stuðningur við jákvæða hegðun: Inngripsmælingar í 8.-10. bekk í þremur grunnskólum haustið 2009*. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Sálfræðideild.
- Markey, U., Markey, DJ., Quant, B., Santelli, B. og Turnbull, A. (2002). Operation positive change: PBS in an urban context. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 4 (4), 218-230.
- McCurdy, B. L., Manella, M. C. og Eldridge, N. (2003). Positive behavior support in urban schools: Can we prevent the escalation of antisocial behavior? *Journal of Positive Behavior Interventions*, 5 (3), 158-170.

- McIntosh, K., Campbell, A. L., Carter, D. R. og Dickey, C. R. (2009). Differential effects of a tier two behavior. Intervention based on function of problem behavior. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 11 (2), 82-93.
- Metzler, C. W., Biglan, A., Rusby, J. C., Sprague, J. R. (2001). Evaluation of a comprehensive behavior management program to improve school-wide positive behavior support. *Education and Treatment of Children*, 24 (4), 448-479.
- Netzel, D. M. og Eber, L. (2003). Shifting from reactive to proactive discipline in an urban school district: a change of focus through PBIS implementation. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 5 (2), 71-79.
- Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir (2011). *Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS): Árangursmat með beinum mælingum*. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið.
- Sigurbjörg J. Helgadóttir. (2006). *Innleiðing stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu. Könnun í almennum grunnskólum vorið 2005*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkur. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (e.d.). Sótt 10. maí 2011 af http://hafnarfjordur.is/pmt_forsida/smt/.
- Sprague, J., Walker, H., Golly, A., White, K., Myers, D. R og Shannon, T. (2001). Translating research into effective practice: the effects of a universal staff and student intervention on indicators of discipline and school safety. *Education and Treatment of Children*, 24 (4), 495-511.
- Sugai, G. og Horner, R. (2002). The evolution of discipline practices: school-wide positive behavior supports. Í J. K. Luiselli og C. Diament (Ritstj.), *Behavior Psychology in the Schools: Innovations in Evaluation, Support, and Consultation* (bls 23-50). New York, NY: The Haworth Press Inc.
- Sugai, G., Horner, R. H., Dunlap, G., Hieneman, M., Lewis, T. J., Nelson, C. M. o.fl. (2000). Applying positive behavior support and functional behavioral assessment in schools. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 2 (3), 131-143.
- Taylor-Greene, S., Brown, D., Nelson, L., Longton, J., Gassman, T., Cohen, J. o.fl. (1997). School-wide behavioral support: starting the year off right. *Journal of Behavioral Education*, 7 (1), 99-112.
- Walker, H. M. og Horner, R. H. (1996). Intergrated approaches to preventing antisocial behavior patterns among school-age children and youth. *Journal of Emotional & Behavioral Disorders*, 4 (4), 194-209.
- Webster-Stratton, C. og Reid, M. J. (2003). The incredible years parents, teachers, and children training series. Í A. E. Kazdin og J. R. Weisz (Ritstj.), *Evidence-Based*

Psychotherapies for Children and Adolescents (bls 224-240). New York, NY: The Guilford Press.

Þjónustumiðstöð Breiðholts (2008). *PBS upplýsingavefur*. Sótt 20. apríl 2011 af <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-1858/>

Viðaukar

Viðauki 1

Leiðbeiningar og skilgreiningar fyrir skráningarblað í beinu áhorfi. Textann samdi Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir (2011).

Aðdragandi (hegðun starfsfólks)

Kemur á undan hegðun nemanda og hefur áhrif á að hún eigi sér stað. Aðdragandi er flokkaður hér í fyrirmæli, bendingar og spurningar. Ekki er gerður greinarmunur við skráningu hvort aðdragandinn hafi verið fyrirmæli, spurning eða bending. Hins vegar er gerður greinarmunur á því hvort aðdragandinn hafi verið skýr eða óskýr, jákvæður eða neikvæður.

Fyrirmæli, bending, spurning

Beiðni um að hefja eða stöðva ákveðna hegðun. Þetta á t.d. við þegar starfsfólk kemur með athugasemd til einstaklings eða hóps af nemendum ÁÐUR en þeir sýna ákveðna hegðun. Starfsmaður bregst við áður en hegðun á sér stað. Hegðun starfsmanns hefur áhrif á það hvort hegðun nemanda eigi sér stað. „Pétur ert þú til í að ganga frá pennaveskinu þínu og láta það niður í tösku?“ er dæmi um skýra spurningu. Það hvort hún hafi verið jákvæð eða neikvæð (–) fer eftir því hvernig spurningin var sögð. Ef hún var sögð með hvössum tóni eða leiðindasvip er hún neikvæð en ef starfsmaður spyr blíðlega eða ákveðið en með virðingu þá er spurningin skráð jákvæð (+).

Skýr fyrirmæli /spurning eða bending

Innihalda fáar skipanir í röð (2 eða færri) eru stuttar (innan við 10–15 orð) og hnitmiðaðar og *í þeim felst hvað nemandi á að gera*. Dæmi um skýr fyrirmæli eru: „Hengdu upp úlpuna þína“ eða „Stefán minn, settu pennaveskið ofan í skólatöskuna þína“. Fyrirmæli eru ekki skýr ef starfsmaður spyr hvort nemandi vilji gera e–ð en er í raun að segja honum að gera það.

Fyrirmæli eru ekki skýr ef þau fela í sér skýr fyrirmæli og síðan spurningu strax á eftir áður en barn hefur getað brugðist við fyrirmælum. Spurningin er skýr ef spurt er: „Vilt þú ná í penna fyrir mig?“ En hún væri óskýr hefði hún verið orðuð t.d. á eftirfarandi hátt: „Sérðu ekki að mig vantar eitthvað til að skrifa með, geturðu ekki náð í eitthvað?“

Óskýr fyrirmæli /spurning eða bending

Það eru óskýr fyrirmæli með mörgum skipunum í röð (3 eða fleiri); þau eru flókin, óbein. *Óskýrt er hvað verið er að biðja um* og eru fyrirmælin gjarnan sett fram sem fyrirspurnir. Dæmi um óskýr fyrirmæli eru: „Hvernig er það, ætlar þú ekki að fara ganga frá úlpunni? Getur þú aldrei gengið frá eftir þig? Ég er margoft búin(n) að segja þér þetta.” „Stefán viltu ekki fara setja pennaveskið niður í tösku? Af hverju gerir þú ekki eins og ég segi strax?”

Jákvætt orðuð fyrirmæli/ spurning/ bending

Merkt með (+). Eru þannig að sá sem kemur með fyrirmælin er ýmist hlutlaus á svip eða glaður og hlýr. Fyrirmælin eru sögð með virðingu fyrir þeim sem þau eru ætluð og með hlutlausum eða jákvæðum tóni.

Neikvætt orðuð fyrirmæli/spurning /bending eru merkt með (-). Þau eru sögð á niðrandi, hvassan eða kaldan hátt. Svipbrigði þeirra sem koma með fyrirmælin eru þá einnig köld og fela ekki í sér virðingu fyrir þeim sem þau eru ætluð og þau sögð með neikvæðum tóni, eru hreytingar eða jafnvel öskur. Því geta skýr fyrirmæli auðveldlega verið neikvæð, til dæmis „hættu þessum helvítis látum”, er mjög skýrt en neikvætt.

Skýr og óskýr fyrirmæli geta verið jákvætt (+) eða neikvætt (-) orðaðar. Skráð er hvort fyrirmæli voru skýr eða óskýr og hvort þau hafi verið + eða -.

Í sumum tilvikum er viðeigandi að nota óskýr skilaboð, eins og t.d. þegar verið er að hvetja til æskilegrar hegðunar með því að segja: „Jæja, eigum við ekki að fara ganga frá.” Það er ekki nauðsynlegt í öllum tilvikum að nota bein fyrirmæli. Það getur verið þvingað þegar nemendur fá alltaf skipanir um það hvernig þeir eigi að hegða sér. Stundum er nóg að til komi aðdragandi sem hvetji til æskilegrar hegðunar.

Hegðun nemenda

Fylgir fyrirmælum: Nemandi fylgir fyrirmælum starfsfólks innan u.þ.b. 10 sekúndna frá því að þau voru gefin. Það er skráð sem æskileg hegðun þegar nemandi fylgir fyrirmælum starfsmanns innan þessa tímaramma.

Fylgir ekki fyrirmælum: Nemandi fylgir ekki fyrirmælum starfsfólks innan u.þ.b. 10 sekúndna. Það er þá skráð sem óæskileg hegðun nemanda.

Æskileg hegðun

Nemandi sýnir æskilega hegðun þegar hann fylgir fyrirmælum og settum skólareglum. Það á líka við þegar nemandi truflar ekki aðra á nokkurn hátt. Dæmi: Þegar kennari væntir þess að nemendur séu í sætum sínum að lesa þá er skráð æskileg hegðun við þá nemendur sem eru að lesa í sæti sínu en óæskileg hegðun er skráð ef einhver nemandi er ekki í sætinu eða situr í sætinu og er ekki að lesa svo að dæmi sé tekið; þá er um að ræða óæskilega hegðun. Kennari sýnir væntingu um hegðun, t.d. með fyrirmælum.

Óæskileg hegðun

Nemandi fer ekki að fyrirmælum, truflar aðra ýmist sjáanlega/líkamlega eða með yrtum (segir niðrandi orð) og óyrtum skilaboðum (grettir sig). *Brjóti nemandi skólareglu þá er um óæskilega hegðun að ræða. Stundum er hins vegar ekki ljóst hvort verið sé að brjóta skólareglu. Þá þarf að miða við fyrirmæli starfsmanna, þ.e. hvort nemandi hafi fengið fyrirmæli um að sýna ekki ákveðna hegðun.* Það að henda skóm er óæskilegt, það að hlaupa á göngum er brot á skólareglum. Sem viðmið má taka það ef skráningarmenn eru ekki vissir um hvort hegðun sé óæskileg eða ekki skal miða við hvort viðeigandi væri að allir nemendur sýndu slíka hegðun. Ef viðeigandi væri að allir nemendur sýndu slíka hegðun þá telst hegðun ekki vera óæskileg.

Hegðunarfrávik

Hegðun er skráð eftir því hvort hegðun telst vera fyrsta, annars eða þriðja stigs hegðunarfrávik samkvæmt skráningu í mentor.

Dæmi um fyrsta stigs hegðunarfrávik:

1. þras, ögrun, rifrildi
2. hegðun sem truflar aðra
3. óhlýðni, neitað er að fylgja fyrirmælum
4. slæm umgengni
5. snerting, pot, tog, ýting
6. hlaup, ráp
7. húfa skilin eftir innandyra

Dæmi um annars stigs hegðunarfrávik:

1. særindi/niðrandi orðbragð, hæðni
2. ósannsögli, svik, svindl

3. áreiti, hrekkir, stríðni
4. ókurteisi

Dæmi um þriðja stigs hegðunarfrávik:

1. ofbeldi, slagsmál, ógnandi hegðun
2. skemmdarverk
3. þjófnaður

Einkenni á fyrsta stigs hegðunarfrávik: Um er að ræða minniháttar hegðunarfrávik sem er ekki talið vera ásetningur um að trufla eða meiða aðra.

Einkenni á annars stigs hegðunarfrávik: Um er að ræða munnlega hegðun og hegðun sem beinist greinilega að öðrum með ásetningi.

Einkenni á þriðja stigs hegðunarfrávik: Um er að ræða meiriháttar hegðunarfrávik þar sem um er að ræða skemmdarverk á eignum, þjófnað eða meiðsl á öðrum. Hér er um ásetning að ræða.

Afleiðing /viðbrögð starfsmanna við hegðun nemenda

Það sem á sér stað í kjölfar hegðunar barns og hefur áhrif á hvort hún eigi sér stað aftur. Viðbrögð starfsmanna eru ýmist viðeigandi eða óviðeigandi.

Rétt viðbrögð

Rétt viðbrögð starfsmanna skiptast í fjóra flokka. Þau eru a) jákvæð athygli, b) virk hunsun, c) hegðun leiðrétt (ReDirect (RED)), d) viðeigandi hegning.

Jákvæð athygli

Það er jákvæð athygli þegar starfsmaður veitir nemanda athygli, brosir, lítur glaðlega á hann, lætur hann vita að hann taki eftir því sem hann er að gera með því að kinka kolli, gefa merki eða önnur jákvæð líkamstjáningarmerki sem gefur nemanda staðfestingu á því að starfsmaður hafi tekið eftir hegðun hans.

Ekki er nauðsynlegt að nemandi sjái að starfsmaður hafi veitt honum jákvæða athygli til að það skráist sem jákvæð athygli á skráningarblað. Dæmi: Ef starfsmaður hefur sagt nemendum sínum að lesa og hann síðan lítur upp öðru hvoru til að athuga hvort nemendurnir séu að gera það sem til var ætlast er kennarinn með því að veita jákvæða athygli. (Það er einungis svo ef það er gert á jákvæðan hátt en ekki með vanvirðingu eða leiðinlegum svip. Þá

getur það flokkast sem óviðeigandi hegning.) Starfsmaður er þá að veita hegðun nemendanna athygli þó þeir taki ekki endilega eftir því. Við skráningu er merkt við óviðeigandi hunsun ef starfsmaður lítur ekki upp og veitir jákvæða athygli á því 10 sekúndna bili sem verið er að mæla. Ef hann hins vegar veitir jákvæða athygli á þessu bili er það merkt.

Með jákvæðri athygli er starfsmaður með hegðun sinni að styrkja jákvæða hegðun nemanda og auka þannig líkur á að jákvæð hegðun nemanda komi fram aftur; þetta á við ef nemandi veit af þessari athygli. Starfsmaður getur líka verið að veita jákvæða athygli án þess að nemandi taki eftir því og þá er hann ekki að styrkja hegðun nemanda en er samt sem áður í virku eftirliti. Þetta er engu að síður hvort tveggja merkt á sama hátt á skráningarblaði sem jákvæð athygli. Jákvæð athygli er aðeins skráð ef greinilegt er að starfsmaður sé að veita hegðun jákvæða athygli. Þá er hann að skima eftir hegðun og fylgjast með á jákvæðan hátt. Ekki er nóg að líta upp.

Jákvæð athygli á sér fleiri birtingarform.

1. *Umbun* Er eitthvað sem nemandi þykir eftirsóknarvert og fylgir á eftir æskilegri hegðun (tilraun til styrkingar hegðunar).
2. *Rétt umbun* er sú umbun sem veitt er þegar nemandi sýnir af sér æskilega/góða hegðun.

Sem dæmi um rétta umbun má nefna það þegar nemandi gerir það sem til er ætlast og hann fær hrós af einhverju tagi í kjölfarið.

Umbun getur verið af ýmsum toga.

1. *Félagsleg umbun*, t.d. bros, faðmlög, klapp, athygli, hrós og hvatning.
Dæmi: „Þakka þér fyrir að setja pennaveskið í skólatöskuna um leið og ég bað þig.“, „Flott hjá þér!“, „Vel gert!“ (Um leið er lófunum klappað saman). Bros og snerting eins og klapp á öxl eða faðmlag.
2. *Fríðindaumbun*, t.d. að skoða bók, fara í boltaleik eða hjálpa starfsmanni við eitthvað eftirsóknarvert. Fá að fara fyrr út úr tíma eða fá val í síðasta tíma.
4. *Efnisleg umbun*, t.d. límmiði, stjarna, broskarll eða einhvers konar miði eða ták.

Virk hunsun

Starfsmaður ákveður/tekur meðvitaða ákvörðun um að veita óæskilegri hegðun nemanda ekki athygli á nokkurn hátt; hann velur að nota virka hunsun á hegðun nemanda. Þegar nemandi sýnir óæskilega hegðun þá er honum ekki umbunað á nokkurn hátt eða veitt nein athygli. Starfsmaður lætur sem hann sjái ekki óæskilega hegðun hans, snýr sér undan,

talar ekki til hans og hefur ekki augnsamband. Starfsmaður tekur meðvitaða ákvörðun um að hunsa eða þykjast ekki taka eftir óæskilegri hegðun nemanda. Ekki má hunsa hættulega hegðun.

Hegðun leiðrétt (ReDirect (RED))

Starfsmaður reynir að sýna nemanda hvernig hann getur hætt að sýna óæskilega hegðun með því að benda honum á æskilega hegðun, reyna að styrkja jákvæða hegðun og/eða benda á þær afleiðingar sem áframhaldandi óæskileg hegðun mun hafa í för með sér.

1. Starfsmaður tekur barn afsíðis, rifjar upp hvað gerðist, barnið er látið segja hvaða hegðun var óviðeigandi, fær færi á að leiðrétta hegðunina og er minnt á hvað gerist ef það brýtur af sér og afleiðingar eru útskýrðar.
2. Starfsmaður reynir að sýna barni hvernig það getur hætt að sýna óæskilega hegðun með því að sýna því æskilega hegðun. Dæmi: Barn er allt á iði í sætinu sínu. Starfsmaður segir: „Maður á ekki að sitja svona í sætinu sínu heldur svona!“ og sýnir barninu hvernig það á að sitja. Barn lemur annað barn til að fá dót sem það er með. Starfsmaður sýnir barninu að það getur fengið dótið með því að spyrja fallega.
3. Þegar barni er stýrt í það sem það á að gera með því að hreyfa líkama þess þegar barn hlýðir ekki fyrirmælum. Dæmi: Þegar tekið er í hönd barns og höndin látin taka úlpu upp, því fylgt að snaga og hendinni stýrt að snaganum og úlpan hengd upp. Það að hegðun sé leiðrétt er frábrugðið jákvæðri athygli að því leyti að jákvæð athygli er vanalega afleiðing æskilegrar hegðunar á meðan leiðrétt á hegðun er afleiðing óæskilegrar hegðunar og er notuð til að kenna viðeigandi hegðun. Þegar hegðun er leiðrétt er barni sagt eða sýnt hvað það getur gert til að sýna æskilega hegðun. Því er síðan veitt jákvæð athygli ef það fer eftir þessari leiðbeiningu. Það að hegðun sé leiðrétt er frábrugðið refsingu að því leyti að þegar hegðun er leiðrétt er barninu sagt eða því sýnt hvað það á að gera (en ekki aðeins hvað það gerði vitlaust eins og í refsingu).

Viðeigandi hegning

Við óæskilegri hegðun nemenda verður að huga að viðeigandi viðbrögðum starfsmanna. Viðeigandi er sú hegning sem er í réttu hlutfalli við hegðun nemandans, hvorki of lítil né of mikil. Ef nemandi sýnir óæskilega hegðun eins og að fara ekki að fyrirmælum þá væri

viðeigandi afleiðing að nota viðeigandi hegningu eða RED. Dæmi um viðeigandi hegningu eru t.d.:

1. *Skammir og vanþóknun* Starfsmaður lítur á nemanda alvarlegur á svip og lýsir óánægju sinni með hegðun hans. Segir t.d.: „Mér líkar ekki þegar þú ferð ekki að fyrirmælum!” eða „Ég er mjög svekktur yfir því að þú krassar á borðið.”
2. *Eðlilegar afleiðingar* eru ekki settar fram af t.d. starfsfólki (ekkert inngríp) þegar eitthvað náttúrulegt hefur gerst. Það á t.d. við þegar nemandi stríðir ketti og er klórað eða þegar nemandi verður kalt á höndunum vegna þess að hann er ekki með vettlinga.
3. *Rökréttar afleiðingar* eru notaðar þegar eðlilegar afleiðingar eru of hættulegar eða eðlileg afleiðing hefur enga refsingu í för með sér. Hér er því beitt inngrípi. Dæmi um inngríp er ef nemandi hellir yddi á gólfið. Þá er hann látinn þrifa það upp eftir sig. Nemandi gleymir skólabókum heima og er látinn fara heim að ná í þær.
4. *Viðurlög* eru notuð þegar rökrétt afleiðing liggur ekki fyrir. Þau felast í því að missa einhver foréttindi, fá sekt eða þurfa að taka að sér einhver aukaverk sem nemandi finnst leiðinlegt. Dæmi: Ef nemandi hefur hagað sér illa og fær þá ekki frjálstan tíma, fara í tölvu, fara fyrr út úr tíma eða farsími tekinn af honum að vera með hann í tíma. Nemandi missir því einhver foréttindi.
5. *Hlé* Þegar nemandi er tekinn burt úr þeim aðstæðum sem hann sýnir óæskilega hegðun og sendur afsíðis á hlutlausan stað þar sem hann fær enga athygli. Nemandi á helst að vera farinn í hlé innan 10 sekúnda frá því að óæskileg hegðun birtist. Æskilegt er að nemandi sé ekki lengur en eina mínútu fyrir hvert aldursár í hléi. Leyfilegt er að lengja hléið láti nemandi illa eða neiti að fara í hlé. Sé hlé ekki beitt rétt skal merkja það með því að setja strik í óviðeigandi hegningu
6. *Annað* Það er t.d. þegar nemandi er sendur til skólastjóra/aðstoðarskólastjóra.

Röng viðbrögð

Röng viðbrögð starfsmanna skiptast í þrjá flokka. Þeir eru a) óviðeigandi hunsun, b) óviðeigandi hegningu, c) röng umbun.

Óviðeigandi hunsun

Starfsmaður veitir hegðun nemanda ekki athygli en ætti að gera það. Starfsmaður missir þá t.d. af tækifæri til að sýna jákvæðri hegðun athygli og auka þannig líkur á að hún eigi sér stað aftur eða hann bregst ekki við óæskilegri hegðun. Dæmi: Nemendur eru að klæða sig í útföt fyrir frímínútur og starfsmaður gengur fram hjá þeim án þess að veita æskilegri

hegðun þeirra athygli. Starfsmaður missir þarna af tækifæri til að ná til barnanna á góðri stundu, þ.e. hann missir af tækifæri til að veita æskilegri hegðun athygli.

Starfsmaður gefur fyrirmæli og nemendur bregðast við þeim á viðeigandi hátt en starfsmaður umbunar ekki fyrir. Þetta er dæmi um óviðeigandi hunsun.

Starfsmaður getur með óviðeigandi hunsun líka látið vera að bregðast við óæskilegri hegðun. Dæmi: Ef nemendur eru að hlaupa á göngunum eða ýta í hvor/hver annan þannig að það geti skaðað þá eða ef nemendur eru á einhvern hátt að brjóta skólareglur þá gæti starfsmaður sýnt óviðeigandi hunsun með því að bregðast ekki við hegðun nemendanna. Starfsmaður hefur þá tekið eftir hegðun þeirra en nennir ekki eða kys ekki af einhverjum ástæðum að bregðast við henni. Æskilegt hefði þó verið að bregðast við. Þessi viðbrögð starfsmannsins auka líkur á því að nemendur sýni slíka hegðun aftur.

Óviðeigandi hegning

Þá er hegningin/viðbrögð starfsmanna ekki í samræmi við hegðun nemanda. Refsing er óhóflega mikil, óhóflega lítil eða niðurlægjandi. Starfsmaður skammar nemanda fyrir framan aðra, talar leiðinlega til nemanda þegar viðeigandi hefði verið að taka nemanda úr aðstæðum. Starfsmaður ætti að benda nemanda á hvaða hegðun hann vill sjá og gefa nemandanum með því tækifæri til að leiðrétta hegðun sína. Dæmi: Ef barn spyr kennara spurningar og kennari svarar: „Þú átt að vita þetta”, þá er kennari að hegna barninu fyrir að spyrja spurningar með því að svara ekki. Kennari hefði átt að svara spurningunni og ef hann hefði verið búin að svara nemanda áður þá er greinilegt að nemandi hefur þurft skýrari leiðbeiningar. Því eru viðbrögð kennara ekki viðeigandi.

Þegar starfsmenn svara nemendum á óviðeigandi hátt þá er um að ræða óviðeigandi hegningu. Gera þarf greinarmun á því og jákvæðri athygli. Jákvæð athygli felur ekki í sér að einungis sé nóg að bregðast við hegðun nemenda eða að svara nemanda. Ef brugðist er við hegðun hvort sem um er að ræða æskilega eða óæskilega hegðun nemenda á óviðeigandi hátt þá er skráð óviðeigandi hegning á skráningarblað.

Röng umbun

Það er röng umbun þegar nemenda er umbunað eða fær athygli fyrir óæskilega hegðun, t.d. með umbun af einhverjum toga og þegar hefur verið minnst á. Dæmi um það er ef nemandi sýnir óæskilega hegðun og fær athygli kennara í staðin.

Starfsmaður ekki á staðnum – starfsmaður ætti að vera á staðnum

Starfsmaður ekki á staðnum: Þegar starfsmaður er ekki sjáanlegur á staðnum eða á því svæði sem verið er að mæla þá er merkt á skráningarblað að starfsmaður sé ekki á staðnum. Þetta á einnig við þegar starfsmaður fer úr kennslustund. Ef nemendur eru fleiri en 5 (6 og fleiri) þá er merkt í reit þar sem stendur starfsmaður ætti að vera á staðnum.

Við skráningu: Merkt er við að starfsmaður eigi að vera á staðnum ef nemendur eru fleiri en 5 á sama svæði og starfsmaður hvergi sjáanlegur. Starfsmaður þarf ekki að vera innan u.þ.b. þessa 10x10 svæði sem mælingarmenn eru að fylgjast með. Starfsmaður telst vera á staðnum ef hann er í sjónfæri. Ef mælingarmenn eru að mæla ákveðið svæði og starfsmaður er ekki innan þess litla u.þ.b. 10x10 ramma, en starfsmaður er hins vegar á sama svæði, þ.e. á ganginum sem verið er að mæla og hann er í sjónfæri, þá telst hann vera í sjónfæri og ætti því að sjá hegðun nemenda og hafa þannig tækifæri á að veita heðgun athygli. Ef starfsmaður hefur tækifæri á að veita heðgun nemenda athygli en gerir það ekki þá er merkt við óviðeigandi hunsun á skráningarblaðið. Ef mælingarmenn telja að starfsmaður hafi ekki haft tækifæri á að veita heðgun nemenda athygli, hann hafi verið of langt í burtu en samt í sjónfæri, þá skal skrá æskilega hegðun nemenda og ekkert sem afleiðingu. Einnig getur þetta komið upp t.d. á gangi ef ekki sést framan í starfsmann sem labbar eftir ganginum, hann er ekki að tala við nemendur en gæti verið að brosa eða sýna nemendum leiðindasvip. Þá skal aðeins merkja við hegðun nemenda en ekkert sem sýnir viðbrögð starfsmanns. Ef starfsmaður er hvergi sjáanlegur á gangi ef verið er að mæla gang þá er ýmist merkt við starfsmaður ekki á staðnum eða starfsmaður ætti að vera á staðnum; það fer eftir fjölda barna.

Undantekningar og atriði sem ber að hafa í huga við skráningu

Í kennslustofu: Ef stuðningsfulltrúi situr með einum nemanda skal ekki merkja við hann í samskiptum við þann nemanda. Dæmi: Ef kennari er að gefa hópi af nemendum fyrirmæli þá á að merkja við öll samskipti sem eiga sér stað. Ef stuðningsfulltrúi situr hjá einum nemanda á sama tíma og er að hlýða honum yfir, t.d. í lestri, þá skráist það ekki. Ef hann fer hins vegar að eiga samskipti við aðra nemendur eru þau samskipti skráð. Ekki eru skráð maður á mann samskipti ef kennari eða starfsmaður situr niðri með einstaklingnum. Ef starfsmaður stoppar hins vegar við nemanda þegar hann er að labba um bekkinn og veitir honum athygli, skoðar efnið, þá skráist það. Starfsmaður dettur út þegar hann sest niður með einum nemanda. Ef hann situr með hópi af nemendum, t.d. að spila, þá skráist það með.

Í skráningu er mögulegt að skrá bæði hunsum og jákvæða athygli á sama starfsmann í sama bili. Dæmi: Kennari sem stendur í inngangi og brosir eða heilsar aðeins sínum

nemendum en lítur ekki á hina nemendurna hunsar þá en veitir hinum nemendum jákvæða athygli

Munur á aðdraganda og afleiðingu

Gera þarf greinarmun á spurningu, fyrirmælum eða bendingu sem aðdraganda hegðunar og hins vegar sem afleiðingu hegðunar. Ef starfsmaður gefur fyrirmæli strax í kjölfar hegðunar nemenda eru fyrirmælin skráð sem afleiðing hegðunar. Þá er starfsmaður að bregðast við hegðun nemenda. Dæmi: Ef nemandi er spurður spurningar strax í kjölfar hegðunar þá er spurningin skráð sem afleiðing hegðunar. Hegðun starfsmanns getur aldrei verið bæði skráð sem aðdragandi og afleiðing.

Ef starfsmaður horfir fyrst á nemanda, brosir til hans eða snertir (þegar hegðun nemenda á sér stað eða strax í kjölfar hennar (innan 2 sekúndna frá því að hegðun á sér stað)) og spyr síðan spurningar eða gefur fyrirmæli (3 eða fleiri sekúndur eftir að barn hegðar sér) er það fyrri (bros, snerting eða horfa á) skráð sem afleiðing hegðunar og það seinna (spurning eða fyrirmæli) sem aðdragandi hegðunar. Dæmi: Nemandi situr við borð sitt og er að læra (æskileg hegðun); kennari gengur til hans og veitir honum athygli með því að brosa til hans (afleiðing hegðunar/jákvæð athygli); síðan ef starfsmaður segir eftir 3 sekúndur: „Náðu í skrifarbókina þína!”, þá er það skráð sem fyrirmæli. Ef hins vegar starfsmaður brosir (afleiðing hegðunar og segir strax innan 3 sekúndna: „Flott, náðu síðan í skrifarbókina”, þá er það einnig skráð sem afleiðing). Þá er brosið, hrósið (flott) og fyrirmælin að sækja bókina allt sama afleiðingin.

Ef starfsmaður segir eitthvað áður en hann spyr spurningar eða gefur fyrirmæli er það sem hann segir áður skráð sem afleiðing hegðunar og spurningin eða fyrirmælin sem aðdragandi hegðunar. Dæmi: Nemandi er að leika sér í frímínútum og starfsmaður spyr hvað hann sé að gera. Í þessu tilviki er spurningin skráð sem afleiðing hegðunar nemandans af því að hún er viðbrögð við hegðun og það eina sem fylgir hegðuninni. Nemandi er að leika sér og starfsmaður hrósar honum fyrir það og spyr það svo hvað hann sé að gera. Í þessu tilviki er spurningin skráð sem aðdragandi hegðunar (bein spurning) vegna þess að hrósið var viðbragð við hegðuninni og er því skráð sem afleiðing hennar. (Miðað er við eins og kom fram að ofan að það líði 3 sekúndur milli afleiðingar og aðdraganda.)

Hegðun starfsmanna getur aldrei verið skráð bæði sem aðdragandi og afleiðing á sama tíma.

Markmiðið er alltaf að fylgjast með viðbrögðum starfsfólks við hegðun nemenda og miðast við tækifæri starfsfólks til að bregðast við hegðun nemenda.

Rétt notkun á þriggja liða styrkingarskilmála

Styrkingarskilmáli skilgreinir sambandið á milli greinireitis (aðdraganda), hegðunar og afleiðingar. Rétt notkun á þriggja liða styrkingarskilmála felur í sér rétta notkun á fyrirmælum/áminningu um væntingu og rétta notkun á vali (greinireiti) og viðeigandi viðbrögðum, jákvæðri eða neikvæðri athygli, hunsun eða því að leiðrétta hegðun út frá hegðun nemanda. Dæmi um rétta notkun á þriggja liða styrkingarskilmála: Starfsmaður segir barni að sitja kyrrt, barn hlýðir og starfsmaður hrósar barninu fyrir. Dæmi um ranga notkun: Starfsmaður hunsar barnið þegar það situr kyrrt eftir að hafa verið sagt að gera það.

Skilgreining svæða

Skilgreining svæða þar sem beinar mælingar verða teknar í grunnskólum. Hvert svæði fær númer frá 1–6 og eiga svæðin að vera sambærileg milli skóla og innan skóla (svæðaskipting milli aldurstiga).

Svæði númer 1 = kennslustofa, 10 mínútna mæling

Svæði númer 2 = stigar, gangar, salerni, 5 mínútna mæling

Svæði númer 3 = skósvæði/fatasvæði, 5 mínútna mæling

Svæði númer 4 = útisvæði, 5 mínútna mæling

Svæði númer 5 = inngangur 5 mínútna mæling

Svæði númer 6 = matsalur 10 mínútna mæling

Svæði númer 7 = frístundaskóli, 30 mínútur á dag í hverjum frístundaskóla

Skólunum er skipt í þrennt eftir aldurstigum. Ekki er um að ræða alveg sambærilega skiptingu en taka varð mið af svæðaskiptingu kennslustofa sem var svipuð milli skóla en ekki eins.

Þegar mæling á sér stað hefur hver mælingamaður sitt svæði. Mælingamaður eitt mælir alltaf í öllum skólum á svæði 1, þ.e. hjá yngsta stigi (ýmist 1–4 eða 1–3 bekkur). Mælingamaður tvö mælir þá alltaf í öllum skólum á svæði 2 sem er kallað miðstig (5–7 eða 4–7 bekkur). Mælingamaður þrjú mælir alltaf á svæði 3 sem er unglíngastig (8–10 bekkur).

Mælingar verða teknar á þremur tímum í hverjum skóla, á morgnana kl. 9:00, í hádeginu kl. 10:50 og eftir hádegi kl. 12:50. Hver mælingamaður fer á sinn stað og mælir þau svæði frá 1–6. Svæðin verða ekki alltaf mæld í sömu röð þar sem svæðin innan og milli skóla eru misjöfn. (Frá sumum kennslustofum er gangur beint út frá þeim og síðan skósvæði en á öðrum svæðum er skósvæði beint fyrir framan kennslustofu. Þannig þarf að taka mið af

uppbyggingu svæða og hvernig tíminn er hverju sinni). Það er ekki er sama röð á morgnana klukkan 9:00 og í hádeginu þar sem börnin fara á ólíkum tíma í mat.

Stærð svæða er fyrirfram skilgreind og hafa mælingarmenn fengið þjálfun í því með sýnikennslu hve stórt hvert svæði er. Einnig var þeim sagt að þeir mættu ganga um svæðið en stoppa síðan þegar þeir voru að skrá og þá eigi þeir einungis að skrá hegðun sem kemur fram í u.þ.b. heyrnarfjarlægð eða 10 skref frá sjálfum sér (10x10). Ákveðið var að mælingarmenn hefðu frjálssar hendur með að ganga innan áður skilgreinds svæðis meðan á skráningu stóð þar sem það virtist tilviljunarkenndara og óljósara með hverju og hverjum þeir væru að fylgjast. Það var líka gert vegna þess að skv. reynslu rannsækenda í þjálfun kom í ljós að starfsmenn reyndu að forðast mælingarmenn, en það var auðveldara að skrá og vera í heyrnarfjarlægð með þessum hætti. Með þessu gafst ennfremur tækifæri til að ganga um eða færa sig innan áður skilgreinds svæðis eins og t.d. á gangi, þá getur mælingamaður fært sig þangað sem fylgjast þarf með tiltekinni hegðun enda er misjafnt hvar nemendur og starfsmenn eru staðsettir á hverju svæði hverju sinni.

Allar mælingar byrja inni í kennslustofu. Það á jafnt við hvort sem þær hefjast á morgnana, á hádegi eða eftir hádegi,.

Tilviljanakennt val á kennslustofum

Matsmenn eru með umslag fyrir hvert aldursstig og hvern skóla með númeri á öllum bekkjum á hverju aldursstigi. Dreginn er einn miði í hverri mælingu sem segir til um í hvaða bekk mælingamaður skuli mæla. Miðinn er settur í annað umslag þar til allir bekkir hafa verið valdir. Miðarnir eru síðan settir aftur í valumslagið og þá er aftur dregið á hverjum degi. Því er tilviljunarkennt í hvað bekk mælt er. Þannig eru jafnar líkur á að sérhver bekkur verði valinn. Kennarar vita þá ekki fyrirfram hvort eða hvenær mæling muni eiga sér stað hjá þeim.

Skráning í kennslustofu

Kennsla 1 er almenn kennsla. Í slíkum aðstæðum er gert ráð fyrir að virk samskipti séu til staðar milli nemenda og kennara. Þá er ætlast til að kennari veiti jákvæða athygli allan tímann, geri hann það ekki sýnir hann óviðeigandi hunsun. Ekki er nóg að kennari horfi á nemendur til að það skráist jákvæð athygli.

Kennsla 2 eru aðstæður þar sem ekki er um að ræða virk samskipti milli kennara og nemenda. Þessar aðstæður eru t.d. þegar horft er á myndband, kennari er með upplestur, hljóðlestur eða próf. Í þessum aðstæðum er nóg að kennari sé að fylgjast með nemendum, þ.e. fylgjast með þeim að lesa eða horfa á myndband. Kennari þarf að veita hegðun nemenda

athygli. Ekki er nóg að hann horfi út í loftið, út um glugga eða sé í tölvunni. Ef hann veitir ekki hegðun nemenda athygli, er ekki með virkt eftirlit, þá er merkt við óviðeigandi hunsun.

Ef starfsmaður gefur fyrirmæli og nemandi fer að fyrirmælunum en bilið endar þá er viðeigandi að skrá æskilega hegðun og engin viðbrögð hjá starfsmanni því hann bregst ekki við fyrir en í næsta bili. Ef kennari gefur hins vegar fyrirmæli og nemandi fylgir þeim strax eftir innan bilsins og ef kennari hafði strax innan bilsins tækifæri á að veita jákvæða athygli eins og að segja „Takk“ en gengur í burtu þá sýnir hann óviðeigandi hunsun. En þegar hann er að bíða eftir að nemandi fari að fyrirmælum þá er viðeigandi að hann bíði með að bregðast við; þá er ekkert skráð nema æskileg eða óæskileg hegðun.

Þegar engin stjórn er í bekk, þ.e. mikil læti eða enginn að gera það sem til var ætlast, og kennari gengur á milli og sinnir einstaka nemanda er það jákvæð athygli gagnvart þeim nemanda. Kennari er þá á sama tíma og hann er að veita einum nemanda jákvæða athygli að hunsu óæskilega hegðun í bekknum. Kennari hefði átt að leggja áherslu á ná stjórn á aðstæðum.

Aðferðir við gagnasöfnun

1. Við skráningu er notast við 10 sekúndna bilaskráningu. Skráningin fer þannig fram að mælingarmenn eru með iPod. Þegar kveikt er líða 5 sekúndur, síðan heyrir *horfa*. Þá eiga mælingarmenn að horfa á samskipti á því svæði sem þeir eru að mæla í 10 sekúndur. Eftir 10 sekúndur hafa liðið heyrir *skrá*; þá eiga mælingarmenn að skrá niður þá hegðun sem þeir sáu síðustu 10 sekúndur. Mælingarmenn fá 5 sekúndur til að skrá. Þegar 5 sekúndur hafa liðið heyrir aftur *horfa* og þá eiga mælingarmenn aftur að horfa á hegðun starfsmanna og nemenda og síðan að skrá eftir 10 sekúndur þá markhegðun sem samkvæmt skilgreiningum á að mæla.
2. Mælingarnar eru í 5 mínútur á öllum svæðum, þ.e. tuttugu, tíu sekúndna bil, nema í kennslustofu og í matsal, þar eru mælingarnar í 10 mínútur eða fjörutíu, tíu sekúndna bil.
3. Mælingarmenn eiga að vera í eins mikilli fjarlægð frá nemendum og starfsfólki og þeir geta en fjarlægðin verður að vera þannig að mælingamaður geti heyrt samtal milli þátttakenda. Miðað er við að mælingarmenn séu ekki lengra frá þeim sem þeir eru að mæla en 10x10 (u.þ.b.10 skref frá sér).
4. Þátttakendur gætu viljað fá að vita hvað mælingarmenn eru að gera. Mælingarmenn mega aldrei sýna neinum gögn eða önnur eyðublöð. Mælingarmenn eiga að vera vingjarnlegir og einfaldlega segja starfsmönnum að þeir séu þarna vegna PBS–

- kerfisins og að öllum upplýsingum sem safnað verður verði deilt með skólunum þegar gagnasöfnun er lokið. Þegar/ef nemendur spyrja á aðeins að segja að þeir sé namar í Háskóla Íslanda og séu að fylgjast með skólastarfi fyrir verkefni sem þeir eru að gera.
5. Mælingarmenn eiga að reyna að hafa það ávallt að leiðarljósi að ekki sé augljóst hverjum þeir eru að fylgjast með. Að snúa líkamanum öðru hvoru getur hjálpað til. Þannig er ekki augljóst með hverjum er verið að fylgjast.
 6. Mikilvægt er að stærð þeirra svæða sem mæla á hverju sinni sé vel skilgreint. Aðeins á að skrá niður samskipti sem eiga sér stað innan áður skilgreinds svæðis. Á meðan áreiðanleikamælingarnar eru teknar er mikilvægt að báðir mælingarmenn séu sammála um stærð svæðis.
 7. Mælingarmenn mega á engum tímapunkti þegar þeir eru að mæla skipta sér af því sem er að gerast í kringum þá. Ef nemendur sýna óæskilega hegðun þá er það hlutverk mælingamanns að skrá það niður. Hins vegar getur stundum verið þörf á að grípa inn í og hætta skráningu, eins og t.d. ef um skemmdir á eigum skóla eða um alvarlegar líkamsmeiðingar er að ræða; þá ber að sækja hjálp frá starfsfólki eftir þörfum. Fordast ber að blanda sér í það sem fram fer.
 8. Mælingarmenn eiga ekki að hreyfa sig nema engin sjáanleg hegðun sé til staðar. Mælingamaður 1 færir sig og áreiðanleikamaður fylgir honum.

Áreiðanleikamælingar

Samræmismælingar milli matsmanna (Inter-observer Agreement (IOA)) voru teknar í 30 % tilvika hjá hverjum mælingamanni. Til þess að áreiðanleiki sé milli matsmanna er mikilvægt að góð þjálfun á mælingarmönnum eigi sér stað. Það skiptir máli að áreiðanleiki milli matsmanna sé til staðar. Það þýðir að þeir mæli allir eins. Þá skiptir ekki máli hver mælir hverju sinni því að sameiginlegur skilningur á því sem verið er að mæla er til staðar.

Þjálfun á mælingarmönnum

1. Skilgreiningar: Áður en æfingar í skólaaðstæðum eiga sér stað þurfa allir mælingarmenn að vera sammála um sameiginlegan skilning á hugtökum og hvernig nota eigi skráningarblað.
2. Þegar mælingarmenn eru orðnir öruggir á skilgreiningum á þjálfarinn að koma með dæmi og mælingarmenn eiga að prófa að skrá niður.
3. Þjálfun á skráningu fer fram með munnlegum dæmum og í skólaaðstæðum.

4. Æfing í skólaaðstæðum 1. Mælingarmenn eiga að fara í skóla og æfa skráningu. Byrjað er á því að horfa á samskipti, ekki skrá neitt niður en ræða sín á milli hvernig væri viðeigandi að skrá samskipti.
5. Æfing í skólaaðstæðum 2: Þegar mælingarmenn eru orðnir öruggir um að þeir séu að skrá hegðun á sama hátt þá er byrjað á því að taka áreiðanleikamælingar. Mælingarmenn þurfa að tryggja að kveikt sé á iPod á sama tíma. Það er m.a. hægt með því að mælingamaður 1 kveiki á iPod fyrir bæði hann og áreiðanleikamann til þess að tryggja að báðir byrji á sama tíma eða að matsmenn notist við sama iPodinn. Engar samræður milli matsmanna eru leyfilegar
6. Þegar að mælingalotu líkur tekur mælingamaður 1 bæði skráningarblöðin. Mælingamaður 1, (ekki áreiðanleikamælingamaður), heldur utan um skráningarblöð beggja mælingamanna eftir að áreiðanleikamælingar hafa verið teknar.
7. Ef þörf er fyrir hendi eftir mælingu þá mega mælingarmenn tala saman um það hvernig ákveðið atvik hafi verið skráð. Þetta er aðeins í lagi einstaka sinnum og aðeins eftir mælingu. Ekki má gera neinar breytingar á skráningarblöðum.
8. MEÐAN Á SKRÁNINGU STENDUR ERU ENGAR UMRÆÐUR LEYFILEGAR UM ÞAU GÖGN SEM SAFNAÐ ER.

Viðauki 2

1 = Hollaskóli 2 = Njarðvíkarskóli 3 = Myllubakkaskóli 4 = Fristund 1 = Almenn kennsla 2 = Video/hljóðlestur/þrófupplestur kennara
 1 = Kennslustofa 2 = Stigar, gangar, salerni 3 = Fatastæði/skósvæði 4 = Útisvæði/frimintúr 5 = Inngangur 6 = Matsalur
 Mælingamaður: _____ Dags: _____ Árekskælikamæling _____ KL.: 9:00 10:50 12:45 *Reglur/vænting til hegðunar sýnileg: Já / Nei*

Starfsmenn - Aðdragandi		Nemendur – Hegðun			Starfsmenn – Aflleiðing							
Spurning/ fyrirmæli/ bendingar		Hegðun barns			Rétt viðbrögð starfsmanna			Röng viðbrögð starfsmanna				
Skýr +/-	Óskýr +/-	Aðskilning	Önnur klæg 1...2...3	Jákvæð afhyggj	REB	Viðbragði hegðun g	Virk húsnan	Röng úmbun	Óvægjandi hegðing	Óvægjandi húsnan	STM ekki á staðnum (5-)	STM árs að vera á staðnum (5+)
1												
2												
3												
4												
5												
6												
7												
8												
9												
10												
11												
12												
13												
14												
15												
16												
17												
18												
19												
20												

Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, 2007. Fjölföldun óheimil, nema með leyfi.